

33. Ársþing KAÍ, 16. febrúar 2020

EFNISYFIRLIT

Stjórn KAÍ 2019 - 2020:	3
SKÝRSLA STJÓRNAR	4
Frá formanni.	4
Góður árangur á Sen5 Rhein Shiai í Þýskalandi	5
RIG 2019 – karate open	6
Frábær árangur á Evrópumeistaramóti ungmenna	7
32. Karateþing	8
Frábær árangur á Ishøj karate Cup	11
Stór karatehelgi í Salzburg	11
Afrekssjóður ÍSÍ styrkir Karatesamband Íslands	12
Sautján verðlaun á Katapokalen	13
Tveir íslenskir keppendur á EM	16
Aron með gull á Amsterdam Cup	17
Ólafur með brons á Danska meistaramótinu 2019	18
Þórður Jökull með gull í Gautaborg	18
Freyja og Oddný með Gull á Gladsaxe Open	20
Samuel og Aron hlutskarpastir í Helsinki	22
Tveir nýir SSEKF dómara	24
Ísland með 10 gull á Smáþjóðamótinu í karate	24
Góður árangur á Bansai Cup, Berlín	27
Björgvin í öðru sæti í Englandi	28
Frábær árangur á NM 2019	29
Eliás Snorrason, KFR og Freyja Stígsdóttir, Þórshamri bikarmeistarar 2019	30
Karatekona og karatemaður ársins 2019	32
NEFNDIR	34
Aganefnd	34
Dómaranefnd	34
Landsliðsnefnd	34
Mótanefnd	34
Landsliðsþjálfarar	34
MÓT Á ÁRINU 2019	35
1. Bikarmót KAÍ 2019	35
Reykjavík International Games 2019 – Karate open	36
1. GrandPrix mót KAÍ 2019	39
Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kata	42
2. Bikarmót KAÍ 2019	43
2. GrandPrix mót KAÍ 2019	44
Íslandsmeistaramót unglunga í Kata	47
Íslandsmeistaramót barna í Kata	49
6. Small States of Europe Karate Championships	51
Íslandsmeistaramót unglunga í Kumite	62
Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite	64
3. Bikarmót KAÍ 2019	65
2. GrandPrix mót KAÍ 2019	66
KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI 2019.	69
LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS.	70

Karatesamband Íslands

AFREKSSTEFNA KARATESAMBANDS ÍSLANDS 2019 - 2022.....	73
REGLUGERÐIR.....	76
REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.....	76
REGLUR UM FÉLAGSSKIPTI.....	82
REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.....	82
REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.....	83
REGLUR UM KARATEDÓMARA.	84
FERÐAREGLUR KAÍ.....	85
REGLUR UM HEIÐURSVIÐURKENNINGAR.....	87
REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	87
VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ.....	88
Rekstrar og efnahagsreikningur KAÍ 1/1 – 31/12 2019	89

Stjórn KAÍ 2019 - 2020:

Reinharð Reinharðsson	formaður
Elías Guðni Guðnason	vara-formaður
María Jensen	gjaldkeri
María Helga Guðmundsdóttir	ritari
Ævar Austfjörð	meðstjórnandi
Rut Guðbrandsdóttir	varamaður
Magnea Rós Axelsdóttir	varamaður
Diljá Guðmundardóttir	varamaður

SKÝRSLA STJÓRNAR

Frá formanni.

Árið 2019 var enn eitt viðburðarríka árið í sögu karate á Íslandi.

Í upphafi árs tók karatesambandið þátt í RIG og fengum við um 20 keppendur, þjálfara og dómara erlendis frá til að taka þátt í mótinu.

Karateþing var haldið í febrúar og heiðrum við Vicente Carrasco og Ólaf Helga Hreinsson með gullmerki KAÍ fyrir áratugalanga þjálfun og úrbreiðslu karate á landinu.

Í september stóð Karatesambandið fyrir stærsta aðjóðlega móti í karate sem haldið hefur verið hár á landi. 6. Smáþjóðamót Evrópu í karate, þar sem 7 smáþjóður Evrópu tóku þátt með yfir 200 keppendum og yfir 300 skráningi í flokka. Mótið tók 2 daga með fundum á föstudeginu. KAÍ sendi yfir 60 keppendur á mótið, var með 5 þjálfara og yfir 10 dómara á mótinu. Sjálfboðaliðar voru síðan yfir 20 við uppsetningu, sem starfsmenn á mótinu og við frágang að því loknu. Án þeirra hefði ekki tekist að gera mótið að þeim glæsilega viðburði sem það varð.

Í nóvember kom að Norðurlandamótinu í karate sem að þessu sinni var haldið með stuttum fyrirvara í Kolding, Danmörku eftir að Litháen gafst upp á undirbúningnum. Frábær árangur náðist á mótinu, þrjú silfur og 2 brons í kata einstaklinga.

Að lokum vil ég þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum auk allra sjálfboðaliðanna fyrir störf þeirra á síðasta ári og vona að hreyfingin fá notið krafta þeirra áfram.

Reinharð Reinharðsson
Formaður KAÍ

Góður árangur á Sen5 Rhein Shiai í Þýskalandi

Ferðin til Þýskalands gekk einstaklega vel. Keppendur Ísland voru að þessu sinni Aron Bjarkason, Hugi Halldórsson, Iveta Ivanova, María Bergland Traustadóttir, Samuel Josh Ramos og Viktoría Ingólfssdóttir.

Hugi, María og Viktoría eru nýgræðingar, koma úr unglingaliðinu, og stóðu sig öll mjög vel. Fyrirkomulagið var þannig að í hverjum flokki kepptu nokkrir 5 manna hópar innbyrðis, allir við alla, og fóru sigurvegararnir úr hverjum hóp í undanúrslitahóp þar sem keppt var með útslætti. Hugi og María sigruðu þrjár viðureignir og töpuðu einni hvort um sig. Viktoría sigraði eina viðureign, gerði eitt jafntefli og tapaði tveimur



Aron Bjarkason kom, sá og sigraði í -61 kg Junior er hann vann sinn hóp, sigraði allar fjórar viðureignir, þar á meðal besta keppanda Þýskalands í floknum. Aron datt hins vegar út í undanúrslitahópnum í framhaldinu, frábær dagur hjá Aroni.



Samuel Josh Ramos sigraði einnig sinn hóp, sigraði síðan fyrsta í undanúrslitahóp en tapaði síðan í undanúrslitunum fyrir mjög sterkum tékkneskum landsliðsmanni sem vann flokkinn. Samuel fékk þar með brons.



Iveta Ivanova sigraði 5 bardaga í röð í -53 kg. flokki Junior en þar atti hún m.a. kappi við besta

Karatesamband Íslands

keppanda Hollands, Nadine Hollander, eina þýska landsliðskonu, tvær landsliðskonur frá Tékklandi og loks besta keppanda Þýskalands, Jill Auger, í úrslitum. Iveta og Jill Auger hafa keppt áður til úrslita á móti í Þýskalandi en í fyrra náði Auger að sigra naumlega og því var sigur Ivetu því sætari í þetta sinn, sér í lagi þar sem þær kepptu aftur á heimavelli Auger.

Viðburðurinn var frábær, góðar æfingar í umsjón reyndra þjálfara frá Þýskalandi og víðar og var mótið vel skipulagt, 10 vellir og hóflegar seinkanir á dagskrá. Standardinn var mjög góður í öllum flokkum, mikið af landsliðsfólki og einnig frambærilegum félagsliðum.

Miðað við niðurstöður þá má segja að það gangi vel að tengja yngri iðkendur við þá reyndari, allir aðilar þessa hóps voru til mikillar fyrirmyndar og það er ljóst að ef allt fer að óskum þá mun KAÍ eignast enn fleiri frambærilega keppendur í eldri unglingaflokki og vonandi fullorðinsflokki í framtíðinni.

RIG 2019 – karate open

Karatekeppni Reykjavíkurleikanna fór fram í Laugardalshöllinni sunnudaginn 27. janúar. Keppt var í bæði kata og kumite í nokkrum flokkum. Flest af besta karatefólki landsins tók þátt ásamt ellefu erlendum gestum frá Danmörku, Þýskalandi, Hollandi og Skotlandi. Tveir danskir dómara dæmdu á mótinu, þau Thomas Larsen og Camilla Budtz. Yfirdómari á mótinu var Kristján Ó. Davíðsson og mótsstjóri María Jensen.

Svana Katla Þorsteinsdóttir úr Breiðabliki og Ólafur Engilbert Árnason úr Fylki voru valin besta karatefólk mótsins. Svana Katla sigraði í kata og Ólafur í -75 kg flokki í kumite.



Sigurveigarar RIG 2019

Verðlaunahafar í efstu flokkum voru:

Kata kvenna

Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik

Freyja Stígsdóttir, Þórshamar

Karatesamband Íslands

Móey María Sigþórsdóttir McClure, Breiðablik

Hjördís Helga Ægisdóttir, Haukar

Kata karla

Aron Anh Ky Huynh, ÍR

Elías Snorrason, Karatefélag Reykjavíkur

Þórður Jökull Henrysson, Afturelding

Aron Bjarkason, Þórshamar

Kumite kvenna junior

Iveda Ivanova, Fylki

Hjördís Helga Ægisdóttir, Haukar

Laura Siemon, Þýskaland

Sarah Lundquist Aakerman, Danmörk

Kumite karla +75 kg

Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Fylki

Þorsteinn Freygarðsson, Fylki

Kumite karla -75 kg

Ólafur Engilbert Árnason, Fylki

Máni Karl Guðmundsson, Fylki

Jakob Henriksen, Danmörku



Ólafur Engilbert Árnason í bláu og Jakob Henriksen í rauðu

Frábær árangur á Evrópumeistaramóti ungmenna

Fimm keppendur úr íslenska landsliðinu tóku þátt í Evrópumeistaramóti ungmenna í karate í Álaborg í Danmörku helgina 8.-10. febrúar.

Bestum árangri náði hinn 19 ára gamli Aron Anh Ky Huynh úr ÍR, sem keppti í kata 18–20 ára karla.

Í fyrstu umferð gerði Aron kata Suparinpei, fékk 21,54 í einkunn og náði 4. sæti í erfiðum átta manna 33. Ársþing KAÍ

16. febrúar 2020

Karatesamband Íslands

riðli. Efstu fjögur sætin komast áfram og Aron því kominn áfram í 16 manna umferð. Í annarri umferð bætti Aron um betur, gerði kata Anan og fékk heila 22,22 í einkunn sem skilaði honum 6. sætinu í riðlinum og 11. sæti í flokknum. Frábær árangur hjá þessum efnilega karatemanni, sem er á mikilli siglingu þessa dagana.



Aron í kata Suparinpai

Freyja Stígsdóttir, 16 ára karatekona úr Þórshamri, keppti í kata 16-17 ára stúlkna. Hún kom sterk inn í fyrstu umferð, fékk einkunn 21,74 fyrir kata Enpi og tryggði sér 4. sætið í riðlinum. Í næstu umferð gerði hún kata Kanku Sho og fékk 20,34 í einkunn. Hún lauk keppni í 15. sæti í sínum flokki, sem er afbrigðis árangur á hennar fyrsta Evrópumóti.

Þá keppti Þórður Jökull Henrysson, 16 ára karatemaður úr Aftureldingu, í kata 16-17 ára pílta. Þórður gerði kata Nipaipo í fyrstu umferð og hlaut einkunnina 21,40 fyrir framkvæmdina. Hún skilaði honum 5. sæti í riðlinum, sem dugði ekki til að Þórður kæmist áfram. Hann varð þó aðeins 0,02 stigum á eftir næsta manni á undan og því hársbreidd frá því að komast í aðra umferð. Sterk innkoma hjá Þórði á hans fyrsta Evrópumót.

Í kumite 14-15 ára pílta, -63 kg flokki, keppti Samuel Josh Ramos úr Fylki. Samuel varð fyrir því óláni að veikjast á leið til Danmerkur og stóð þátttaka hans á mótinu mjög tæpt. Hann lét slag standa og keppti við Atma Awais frá Ísrael í fyrstu umferð. Sammi sýndi góða tilburði í viðureigninni en heilsan setti stórt strik í reikninginn og niðurstaðan varð 4-0 sigur Ísraelans.

Iveta Ivanova úr Fylki keppti í kumite 18-20 ára kvenna, -55 kg flokki. Þetta var fyrsta erlenda mót Ivetu í fullorðinsflokki, en hún varð 18 ára fyrr í mánuðinum. Iveta mætti Spánverjanum Taniu Fernandez Garcia í fyrstu umferð. Undir blálokin á jafnri viðureign náði Fernandez að skora eitt stig og niðurstaðan varð spænskur 1-0 sigur.

32. Karateþing

32. Karateþing var haldið sunnudaginn 17. febrúar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Um 25 fulltrúar karatefélaganna á landinu tóku þátt í þingstörfunum. Hafsteinn Pálsson, ritari framkvæmdastjórnar ÍSÍ, var gestur á þinginu.

Karatesamband Íslands

Stjórn karatesambandsins hafði á fundi sínum samþykkt að heiðra tvo karatemenn með gullmerki sambandsins og eru það þeir Vicente Carrasco og Ólafur Helgi Hreinsson. Vicente hefur starfað ötullega að uppbyggingu íþróttarinnar í 32 ár og stofnað 5 karatedeildir á ferli sínum. Hann hefur átt farsælan feril sem þjálfari og átt félagslið á toppnum árum saman. Ólafur Helgi hefur verið félagsmaður Karatefélags Reykjavíkur í yfir 30 ár og verið formaður þess síðustu 10 ár. Hann var landsliðsmaður, síðar alþjóðlegur dómari og nú síðast einbeitt sér að barna og unglingaþjálfun með frábærum árangri.



Vicente, Ólafur og Reinharð

Á þinginu var einnig notað tækifærið og skrifað undir endurnýjaðan samning við landsliðsþjálfarann í kumite, Ingólf Snorrason. Við sama tækifæri var skrifað undir samning við nýjan unglingalandsliðsþjálfara, Halldór Stefánsson.



Ingólfur og Reinharð



Halldór og Reinharð

Nokkur mál lágu fyrir þinginu, Afreksstefna KAÍ fyrir 2019 – 2022, fjárhagsáætlun 2019 auk tillagna um fjölda réttindadómara á mótum, að skylda félögin til að tilnefna nefndarmann í mótanefnd KAÍ og að stjórn KAÍ fá heimild til að greiða formönnum nefnda þókkun.

Nokkrar umræður urðu um Afreksstefnu KAÍ og tók hún lítilsháttar breytingum í umfjöllun allsherjarnefndar. Hún var síðan samþykkt með áorðnum breytingum.

Miklar umræður urðu um aðar tillögur í þingnefndum og var samþykkt eftir umræður breytt fjárhagsáætlun 2019, ítrekuð var tillaga um skipun nefndarmanna í mótanefnd og fjölgun réttindadómara á mótum. Þá var einnig samþykkt tillaga að stjórn KAÍ fengi heimild til að greiða formönnum nefnda þókkun fyrir störf þeirra.

Reinharð Reinharðsson var endurkjörinn formaður sambandsins og nýr stjórnarmaður komu inn í aðalstjórn, Elías Guðni Guðnason. Tveir nýir stjórnarmaður komu inn í varastjórn, þær Magnea Rós Axelsdóttir og Diljá Guðmundardóttir.



Ævar, Reinharð, María, María Helga, Rut, Magnea, Diljá og Guðni

Frábær árangur á Ishøj karate Cup

Íslenskt landsliðsfólk í karate náði góðum árangri á sterku móti í Kaupmannahöfn um helgina. Ishøj Cup er vinsælt mót en þar keppa jafnan margir af þeim bestu í norðurluta Evrópu.

Hin 18 ára Iveta Ivanova komst í úrslit í -55 kg flokki í bæði U-21 flokki og í fullorðinsflokki en í báðum úrslitum mætti hún Rebecca Craig frá Skotlandi, en þær tvær voru í sérflokki í kvennaflokki á mótinu. Í U-21 hafði Iveta betur 5-4 og fékk því gull en hún þurfti að gera sér silfur að góðu í fullorðinsflokki þar sem hún tapaði 12-7 gegn hinni skosku.

Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson komst einnig í úrslit á mótinu er hann vann undanriðil sinn í opnum þyngdarflokki í fullorðinsflokki. Í úrslitunum keppti Ágúst við hinn sænska Jimmy Haag en þar hafði Svíinn betur 1-0. Ágúst er einnig nýorðinn 18 ára og því nýkominn með aldur til þátttöku í fullorðinsflokki.

Þá fór Ólafur Engilbert Árnason í úrslit í -75 kg flokki. Hann mætti þar Norðmanninum Christian Ole Hansen, en rétt eins og Ágúst tapaði hann 1-0 í úrslitum og hlaut silfur.

Máni Karl Guðmundsson fékk bronsverðlaun í -67 kg flokki U-21, og Samuel Josh Ramos fékk brons í -63 kg flokki og í opnum flokki Cadet. Þá kepptu þeir Máni, Ólafur og Ágúst í liðaflokki og lentu í 3. sæti.



Máni, Ólafur, Iveta, Samuel og Ágúst

Stór karatehelgi í Salzburg

Iveta Ivanova átti sterka innkomu á Salzburg Karate-1, Series-A, í dag. Flestar af sterkustu karatekonum í heimi voru samankomnar á mótinu og voru 139 keppendur frá 39 þjóðum í -55 kg flokknum en Iveta er nýorðin 18 ára og því nýgræðingur í fullorðinsflokki. Iveta keppti við Aura Garcia, frá Spáni, og sigraði Iveta glæsilega 6-1. Í annarri umferð keppti Iveta við Tuba Yakana, frá Tyrklandi, og sigraði sú Tyrkneska 4-0. Yakan er feiknasterk, í 6. sæti á heimslista og því við erfiðan andstæðing að etja fyrir Ivetu. Yakan sigraði síðan næstu tvo bardaga og tapaði í undanúrslitum. Þar

Karatesamband Íslands

með lauk þátttöku Ivetu, sem má vel við una á sínu fyrsta Karate-1 móti.



Máni, Ólafur, Iveta, Svana og Ingólfur

Máni Karl Guðmundsson keppti í -67 kg flokki og í fyrstu umferð sigraði Máni Ondre Kriz, frá Tékklandi, 8-0 og í annarri umferð keppti Máni við Rory Kavanagh frá Írlandi. Þeir leikar fóru 2-1 fyrir Írann, sem hafði sigrað keppanda frá Egyptalandi í fyrstu umferð. Keppendur í flokknum voru 222.

Ólafur Engilbert Árnason átti einnig funheitan dag, en hann keppti í -75 kg flokki. Ólafur sat hjá í fyrstu umferð og keppti við Nemanja Brasanak, Svartfjallalandi, en hann hafði sigrað Ali Oukhrif frá Frakklandi í fyrstu umferð. Eftir æsispennandi viðureign sigraði Ólafur, 2-1, og komst þannig í þriðju umferð flokksins en þar beið Stanislav Horuna frá Úkraínu, einn sigursælasti keppandi síðustu ára, í 3. sæti á heimslista. Bardagi þeirra var mjög hraður og skemmtilegur en Horuna sigraði 3-0 og datt svo út í undanúrslitum eftir æsispennandi bardaga við Mohey El Sharaby, Ítalíu. Keppendur í flokknum voru 220.

Í gær keppti Svana Katla Þorsteinsdóttir í Kata, en keppendur voru 230, frá 57 þjóðum. Það var á brattann að sækja hjá Svönu en hún náði ekki í næstu umferð í sterkum 13 manna riðli með 20,48 stig. Keppt var eftir nýju fyrirkomulagi WKF þar sem sjö manna dómarahópur dæmir keppendurna með einkunnum.

Afrekssjóður ÍSÍ styrkir Karatesamband Íslands



Lilja og Reinharð

Karatesamband Íslands

Gengið hefur verið frá samningi Karatesambands Íslands og Afrekssjóðs ÍSí vegna styrkveitinga ársins 2019.

Karatesamband Íslands (KAÍ) flokkast sem B/Alþjóðlegt sérsamband samkvæmt flokkun Afrekssjóðs ÍSí fyrir árið 2019. Styrkveiting sjóðsins til KAÍ vegna verkefna ársins er 6,7 m.kr. en til samanburðar hlutu verkefni KAÍ árið 2018 styrk að upphæð 5.350.000 kr.

Fjölmörg alþjóðleg verkefni eru á dagskrá á árinu og má þar helst nefna EM fullorðinna sem fram fer á Spáni í mars og þá eru EM og HM unglinga meðal verkefna ársins. Sambandið sendir keppendur á alþjóðleg mót fullorðinna og unglinga víðsvegar í Evrópu og Norður-Ameríku og gefa þau stig á heimslista alþjóðasambandsins. Karate er nú ein af keppnisgreinunum á Sumarólympíuleikunum í Tókýó 2020.

Það voru þau Reinharð Reinharðsson, formaður KAÍ og María Jensen, gjaldkeri KAÍ sem undirrituðu samninginn fyrir hönd KAÍ og þau Lilja Sigurðardóttir, formaður stjórnar Afrekssjóðs ÍSí og Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fyrir hönd Afrekssjóðs ÍSí.

Sautján verðlaun á Katapokalen



Landsliðið með verðlaun sín í lok dags.

Íslenskir keppendur gerðu sigurför á sænska bikarmótið Katapokalen í Stokkhólmi, sem fram fór í dag.

Karatesamband Íslands

Þrír keppendur komust í úrslit í sínum einstaklingsflokki. Hæst ber þar árangur Oddnýjar Þórarinsdóttur, sem varð í 2. sæti flokki 14-15 ára stúlkna. Flokkurinn var sá langstærsti á mótinu og firnasterkur, en alls voru 38 stúlkur skráðar til leiks. Oddný framkvæmdi fimm mismunandi kata af miklu öryggi og skákaði öllum andstæðingum sínum nema sænsku landsliðsstúlkunni Hönnu Skogström. Auk Oddnýjar kepptu þau Anna Koziel og Björn Breki Halldórsson til úrslita, í 12 ára flokkum stelpna og stráka, eftir að hafa sigrað þrjá andstæðinga hvort í undanrásum.



Oddný Þórarinsdóttir varð í 2. sæti af 38 stúlkum.

Þá stóðu hópkatalið Íslands sig með miklum glæsibrag í dag. Í U14 ára flokki unnu þeir Hugi, Björn Breki og Nökkvi þrjár viðureignir og tóku heim gullið í átta liða flokki. Þá gerðu hinir 15 ára gömlu Tómas Pálmar, Bjarni og Tómas Aron sér lítið fyrir og urðu meistarar í fullorðinsflokki. Þeir eru aðeins 15 ára gamlir, en unglinga- og fullorðinsflokkarnir voru sameinaðir svo þeir fengu að sýna hvað í þeim býr á móti fullorðnum mótherjum.

Einnig má nefna vasklega frammistöðu junioranna Þórðar Jökuls Henryssonar og Freyju Stígsdóttur. Þórður keppti alls níu viðureignir og Freyja sjö, og unnu bæði fimm viðureignir. Þórður náði 5. sætinu í bæði fullorðinsflokki og 16-17 ára flokki, og Freyja tók 3. sæti í 16-17 ára flokki og komst í 8 manna úrslit í fullorðinsflokki.

Karatesamband Íslands

Allt A-landsliðið og unglingslandsliðið tók þátt í mótinu, alls 21 keppendur, og unnu þau tvö gull, þrjú silfur og sjö brons. Samtals keppti landsliðið 78 viðureignir á mótinu og vann 49 þeirra.

Einnig tóku ungir og efnilegir keppendur úr KFR og ÍR þátt í mótinu og unnu eitt gull, eitt silfur og þrjú brons. Dunja Dagný Minic átti sérlega flottan sprett að gullinu í B-flokki 11 ára stelpna. Íslensku verðlaunin urðu því alls sautján talsins.



Yngri keppendur landsliðsins, KFR og ÍR, drekkhlaðin verðlaunum.

Verðlaun Íslendinga á mótinu:

Gull:

Hugi, Björn og Nökkvi, hópkata U14

Bjarni, Tómas Aron, Tómas Pálmar, hópkata karla

Dunja Dagný Minic (ÍR), kata 11 ára stelpna, skemmra kominna

Silfur:

Anna Halina Koziel, kata 12 ára stelpna

Björn Breki Halldórsson, kata 12 ára stráka

Oddný Þórarinsdóttir, kata 14-15 ára stúlkna

Embla, Jón Bergur, Eðvarð (KFR), hópkata U11 ára

Karatesamband Íslands

Brons:

Aron Anh Ky Huynh, kata karla

Freyja Stígsdóttir, kata 16-17 ára stúlkna

Hugi Halldórsson, kata 13 ára stráka

Magnea Björt Jóhannesdóttir, kata 13 ára stelpna

María Bergland Traustadóttir, kata 12 ára stelpna

Nökkvi Benediktsson, kata 12 ára stráka

Tómas Pálmar Tómasson, kata 14-15 ára pilta

Embla Rebekka Halldórsdóttir (KFR), kata 10 ára

Daði Logason (KFR), kata 11 ára

Úlfur, Daði og Alexander (KFR), hópkata U14 ára

Tveir íslenskir keppendur á EM



Ísland á tvo keppendur á Evrópumeistaramóti karate sem fram fer í Guadalajara á Spáni, en þau Iveta Ivanova og Ólafur Engilbert Árnason keppa í sínum flokkum fimmtudaginn 28 mars.

Iveta Ivanova keppir þar í fyrsta sinn á stórmóti fullorðinna, en Iveta er nýorðin 18 ára og keppir í -55 kg flokki. Keppendur frá Úkraínu, Ítalíu, Tyrklandi og Þýskalandi hafa verið sigurstranglegir undanfarin ár í flokknum en undirbúningur hefur staðið yfir í allnokkrar vikur og er ljóst að samkeppnin verður mjög hörð.

Ólafur Engilbert keppir í -75 kg flokki en Ólafur býr í Danmörku og æfir í Álaborg.

Ingólfur Snorrason, landsliðsþjálfari, fylgir þeim Ólafi og Ivetu og einnig er Reinhard Reinhardsson, formaður KAÍ, með í för.

Uppfært.

Óli fékk Pavel Artamonov, Eistlandi, í fyrstu umferð en Pavel er Norðurlandameistari síðustu tvö ár í -75 kg flokki.

Engin stig voru skoruð í bardaganum en Óli náði Pavel niður er um 10 sekúndur voru eftir og var nærri því að skora á hann. Pavel hafði þó sigur, 4-1, í dómaraúrskurði.

Karatesamband Íslands

Pavel tapaði síðan 3-0 fyrir Joe Kellaway, Englandi, og því uppreisn úr sögunni fyrir Óla. Rafael Aghayev og Luigi Busa keppa til úrslita í flokknum.

Iveta keppti við Iveta Goronova, Búlgaríu, í fyrstu umferð og eftir jafnan bardaga tapaði Iveta 1-0 en var á eftir Goronova síðustu mínútuna. Goronova tapaði síðan fyrir Tuba Yakan, Tyrklandi, 5-0, en Iveta tapaði naumlega fyrir Yakan í Salzburg á dögnum.

Yakan fór síðan í úrslit, keppir þar við Jennifer Warling frá Luxembourg og Iveta Goronova keppir um þriðja sætið við Anzhelika Terliuka frá úkraínu.

Aron með gull á Amsterdam Cup

Aron Bjarkason, Þórshamri, náði 1. sæti í U18 -61 kg flokki á Amsterdam Karate Cup, bikarmóti í kumite sem haldið var í þriðja sinn nú um helgina. Aron lagði þrjá andstæðinga, frá Englandi, Hollandi og Skotlandi, á leið sinni að gullinu.



Alls kepptu 17 Íslendingar á Amsterdam Cup, þar á meðal landsliðsfólk og keppendur úr Fylki, Haukum, ÍR, KFR, Þórshamri og Karatefélagi Akureyrar. Föstudag og laugardag foru æfingabúðir með heimspekkum kumiteþjálfurum og mótið fór fram sunnudaginn 7. apríl.

476 keppendur frá 75 karateklúbbum í 14 löndum tóku þátt í mótinu.



Íslenski hópurinn eftir æfingu með heims- og Evrópumeistarann Steven da Costa.

Ólafur með brons á Danska meistaramótinu 2019

Ólafur Engilbert Árnason tók þátt í Danska meistaramótinu 2019 með danska félaginu Sportkarate Álaborg og náði að vinna til bronsverðlauna í -75 kg flokki í kumite karla.

Hann tapaði fyrstu viðureign við verðandi Danmerkurmeistara 13-3 en fékk uppreisn og keppti um þriðja sætið þar sem hann sigraði 1-0.

Sportkarate Álaborg varð síðan það félag sem fékk flest verðlaun á mótinu.



Ólafur í fremstu röð



Ólafur gegn Mads Viberg Larsen

Þórður Jökull með gull í Gautaborg

Katalandslið Íslands keppti í dag á sterku móti í Svíþjóð, Gautaborg Open, þar sem yfir 450 keppendur voru skráðir til keppni. Öllum hópnum gekk vel en bestum árangri náði Þórður Jökull Henrysson sem vann eitt gull og eitt brons. Þórður byrjaði á að sigra sinn undanriðil í flokki juniora (16–17 ára) örugglega og mætti Ísak Larsson, sem vann sinn undanriðil, í úrslitum. Þórður vann þá viðureign, fékk 23,76 stig á móti 23,74 stigum hjá Ísaki. Í fullorðinsflokki varð Þórður annar í sínum undanriðli þar sem 4 efstu komast áfram í 2. umferð. Eftir 2. umferð varð Þórður aftur annar og fékk því rétt til að keppa um 3ja sæti. Þar mætti hann Michael Brolin og vann hann örugglega með 24,42

Karatesamband Íslands

stig á móti 23,36 stigum hjá Michael. Sannarlega góður árangur hjá Þórði sem er á sínu fyrsta ári í fullorðinsflokki enda ekki nema 16 ára.

Freyja Stígisdóttir átti einnig góðan dag þar sem hún endaði með silfur í flokki junior eftir að hafa unnið sinn undanriðil nokkuð örugglega. Í úrslitum mætti hún sænsku landsliðskonunni Mathilda Skalare, sem að lokum vann Freyju með 23,68 stigum á móti 22,94 stigum Freyju. Þess má geta að Mathilda vann til silfurverðlauna á síðasta Norðurlandameistaramóti.

Svana Katla Þorsteinsdóttir keppti í fullorðinsflokki kvenna þar sem yfir 20 keppendur voru skráðir, þar á meðal flestar landsliðskonur Svía. Svana varð í 2. sæti í sínum undanriði og í 2. sæti í 2. umferð og fékk þar með réttinn til að keppa um 3ja sætið. Í þeirri viðureign mætti Svana Ellinor Wardman og vann hana með 25,82 stigum á móti 25,52 hjá Ellinor.

Í kadettflokki stúlkna áttum við tvo keppendur, Oddnýju Þórarinsdóttur og Eydísi Magneu Friðriksdóttur. Báðar fóru þær örugglega upp úr undanriðlum og lentu í 2. sæti í riðlum sínum 2. umferð. Þær fengu því réttinn til að keppa um sitt 3ja sætið hvort. Eydís lenti á móti Emily Grönsholt og vann hana með 22,26 stigum á móti 20,82 og bronsið því Eydísar. Oddný mætti Cornelia Jönsson í hinni viðureigninni um 3ja sætið og vann hana örugglega með 23,46 stigum á móti 22,2. Vel gert hjá okkur ungu landsliðskonum sem eru 14 og 15 ára gamlar.

Í kadettflokki pílta áttum við einn keppanda, Tómas Pálmar Tómasson. Tómas lenti í 2. sæti í sínum undanriði og 2. sæti í 2. umferð og því með rétt til að keppa um 3ja sætið. Í þeirri viðureign mætti Tómas Elias Ekman. Elias vann viðureign þeirra með 24,4 stigum á móti 24,06 hjá Tómasi, en Tómas missti jafnvægið í einni stöðunni sem lækkaði einkunn hans.

Í dag, sunnudag, keppir hópurinn svo á Gladsaxe Karate Cup í Kaupmannahöfn.



Hópurinn með verðlaun sín: frá vinstri Tómas, Eydís, Freyja, Oddný, Svana og Þórður.

Freyja og Oddný með Gull á Gladsaxe Open

Katalandslið Íslands hélt áfram keppnisferð sinni í dag og keppti á Gladsaxe Open í Danmörku. Yfir 600 keppendur voru skráðir í mótið og margar góðar viðureignir sáust í dag. Íslenska liðið endaði með 10 verðlaun, 2 gull, 2 silfur og 6 brons.

Bestan árangur íslenska hópsins náðu Freyja Stígsdóttir og Oddný Þórarinsdóttir. Freyja byrjaði daginn á að keppa í flokki junior, vann sinn riðil örugglega og mætti Katherine Strange í úrslitum. Freyja vann þá viðureign með 23,26 stigum á móti 22,02 hjá Katherine og fyrsta gull okkar komið í hús. Freyja keppti auk þess í senior flokki, var önnur í undanriðli sínum og önnur stigahæst í 2.umferð, þar með fékk hún réttinn á að keppa um 3ja sæti. Í þeirri viðureign mætti hún Natascha Lauritsen, Freyja gerði sér lítið fyrir og vann þá viðureign með 22,86 stigum á móti 22,6 stigum Natascha og bronsið því Freyju.

Oddný átti mjög góðan dag í dag, byrjaði á að keppa í flokki cadet (14-15 ára) þar sem hún vann undanriðill nokkuð öruggleg og svo 2.umferðina og var með því komin í úrslitaviðureignina. Þar mætti hún stöllu sinni úr landsliðinu, Eydísí Magneu Friðriksdóttur sem hafði eins og Oddný unnið sinn undanriðil og 2.umferðina. Eftir jafna og góða viðureign stóð Oddný uppi sem sigurvegari og Eydís fékk þá silfur. Þær Oddný og Eydís báru höfuð og herðar yfir aðrar stúlkur í þessum flokki, voru þó nokkuð hærri í stigum í öllum umferðum. Oddný tók svo seinna um daginn þátt í nýjum flokki sem heitir Superkata þar sem keppendur 14 ára og eldri mega taka þátt, þar mætti hún eldri stúlkum

Karatesamband Íslands

og konum, m.a. þeim sem unnu fullorðinsflokkana. Oddný varð 4 í sínum undanriðli og 3ja í 2.umferð og var því með réttinn að keppa um bronsið. Þar mætti hún Rebecca Dworsky og vann Oddný hana með 22,76 stigum á móti 21,88, virkilega vel af sér staðið hjá henni að ná bronsi í svo sterkum hópi.

Svana Katla Þorsteinsdóttir keppti í kata fullorðinna, var efst eftir undanriðla en í 2.umferð þá var hún jöfn stigum í 1-2.sæti með Anne Petersen báðar með 22,76 stig, þurfti því aukaumferð til að skera úr hvor þeirra færi í úrslitaviðureignina. Dómarar mátu sem svo að Anne hefði sýnd sterkari kata í aukaviðureigninni og því var 2.sæti í 2.umferð hlutskipti Svönu og réttur til að keppa um bronsið. Þar mætti hún Katherine Strange, Svana var mjög örugg í þeirri viðureign og vann með 23,0 stigum á móti 21,86 stigum hjá Katherine og bronsið því Svönu. Svana keppti seinna um daginn í flokki Superkata (14 ára og eldri) var langefst í sínum undanriðli og efst eftir 2.umferð. Svana mætti Natascha Lauritsen í úrslitaviðureigninni en beið lægri hlut þar með 22,54 stigum á móti 23,0 stigum hjá Natascha, silfrið var því okkar í dag.

Tómas Pálmar Tómasson keppti í cadet pilta og varð í 2.sæti í sínum undanriðli auk þess að lenda í 2.sæti í 2.umferð og því bronsviðureign hans. Í þeirri viðureign mætti Tómas Anders Winther og vann Tómas með góðri kata á 22,34 stigum á móti 21,48 stigum Anders. Tómas keppti einnig í flokki Superkata, var þriðji í sínum riðli en tapaði viðureign um bronsið naumlega fyrir Mark Loytved.

Að lokum tók Þórður Jökull Henrysson þátt í tveimur flokkum, Junior og Senior. Í junior flokki þá lenti Þórður í 2.sæti í undanriðlum, sjónarmun á eftir fyrsta manni en 0,08 stigum munaði á milli þeirra, Þórður missti jafnvægið í einni tækninni og kostaði það hann stig. Í baráttunni um bronsið mætti Þórður Pashtrik Ujkani, Þórður vann þá viðureign með 23,5 stigum á móti 22,08 stigum Pashtrik. Þórði gekk einnig vel í senior flokki, var í 2.sæti í undanriðlum og einnig í 2.sæti í 2.umferð. Í viðureigninni um bronsið mætti Þórður Mats Lindhardt og sigraði Þórður hann með 22,88 stigum á móti 22,08 stigum Mads.

Frábær árangur hjá Íslenska landsliðinu í kata á þessu móti og lofar það góðu fyrir næstu misseri. Í þessum tveimur ferðum náði hópurinn í 16 verðlaun, 3 gull, 3 silfur og 10 brons.

Karatesamband Íslands

Á meðfylgjandi mynd má sjá hópinn með verðlaun dagsins, frá vinstri Tómas, Eydís, Freyja, Oddný, Svana og Þórður.



Heilarárangur dagsins á Gladsaxe Open.

Gull í junior kvenna, Freyja Stígsdóttir

Gull í cadet kvenna, Oddný Þórarinsdóttir

Silfur í cadet kvenna, Eydís Magnea Friðriksdóttir

Silfur í Superkata kvenna, Svana Katla Þorsteinsdóttir

Brons í senior kvenna, Svana Katla Þorsteinsdóttir

Brons í senior kvenna, Freyja Stígsdóttir

Brons í senior karla, Þórður Jökull Henrysson

Brons í junior karla, Þórður Jökull Henrysson

Brons í Superkata kvenna, Oddný Þórarinsdóttir

Brons í cadet karla, Tómas Pálmar Tómasson

Heildarárangur á Gautaborg Open

Gull í junior karla, Þórður Jökull Henrysson

Silfur í junior kvenna, Freyja Stígsdóttir

Brons í senior karla, Þórður Jökull Henrysson

Brons í senior kvenna, Svana Katla Þorsteinsdóttir

Brons í cadet kvenna, Oddný Þórarinsdóttir

Brons í cadet kvenna, Eydís Magnea Friðriksdóttir

Samuel og Aron hlutskarpastir í Helsinki

Landslið Íslands í karate tók þátt í Helsinki Karate Open um helgina. 12 keppendur frá Íslandi tóku þátt í mótinu en yfir 600 keppendur voru skráðir frá 23 löndum.

Bestum árangri í íslenska liðinu náðu þeir Samuel Josh Ramos og Aron Anh Ky Huynh. Samuel keppir í U16 ára flokki í kumite. Hann vann fimm af sex viðureignum sínum í gær, tók gullið

Karatesamband Íslands

örugglega í þyngdarflokki sínum og brons í opnum flokki. Samuel skoraði 26 stig í viðureignunum sex en fékk aðeins 6 stig á sig.

Aron vann svo silfur í bæði fullorðinsflokki og U21 árs flokki í kata. Aron vann alla andstæðinga sína í undanrásum beggja flokka og komst í úrslit. Þar laut hann í lægra haldi fyrir víetnamska landsliðsmanninum Khuat Huy Thang eftir jafnar og góðar viðureignir. Þess má geta Khuat er geysilega sterkur keppandi og vermir 9. sæti heimslistans í kata U21 árs karla.

Samuel og Aron verða næst í eldlínunni í Laugardalshöllinni 14.-15. september, þegar Ísland heldur Smáþjóðamótið í karate. Þeir hafa báðir orðið Smáþjóðameistarar í sínum greinum, Samuel árið 2018 og Aron árið 2017, og eru til alls líklegir.

Íslendingarnir unnu alls til 13 verðlauna á mótinu, 1 gull, 5 silfur og 7 brons.



Á meðfylgjandi mynd má sjá verðlaunahafana ásamt þjálfurum, frá vinstri: Helgi Jóhannesson, landsliðspjálfi í kata; Eydís, Aron Bjarkason, Tómas, Oddný, Aron Huynh, Þórður, Samuel, Ólafur, Viktoría, og Ingólfur Snorrason, landsliðspjálfi í kumite. Á myndina vantar Kristjönu.

Verðlaunahafar voru:

Samuel Josh Ramos, gull í -63kg og brons í opnum flokki, U16 kumite

Aron Anh Ky Huynh, silfur í U21 kata og silfur í senior kata

Viktoría Ingólfssdóttir, silfur í opnum flokki U16 kumite

Eydís Magnea Friðriksdóttir, silfur í U16 kata og brons í U18 kata

Kristjana Lind Ólafsdóttir, silfur í +59 kg flokki U18 kumite

Oddný Þórarinsdóttir, brons í U16 kata

Tómas Pálmar Tómasson, brons í U16 kata

Þórður Jökull Henrysson, brons í U18 kata

Aron Bjarkason, brons í -67 kg flokki kumite

Ólafur Engilbert Árnason, brons í -75 kg flokki kumite

Tveir nýir SSEKF dómarar

Um helgina 13.-15. september hélt Karatesamband Íslands Smáþjóðamót í karate í Laugardalshöllinni. Á sama tíma fór fram dómaranámskeið hjá Smáþjóðasambandinu og fóru tveir Íslendingar í dómarapróf á meðan á mótinu stóð.

Kristján Ó. Davíðsson og Pétur Freyr Ragnarsson stóðust báðir dómaraprófinu með sóma og því báðir með réttindin: SSEKF referee.

Óskum við þeim til hamingju með áfangann.



Pétur, Helgi og Kristján.

Ísland með 10 gull á Smáþjóðamótinu í karate



Keppendur Ísland við opnunarhátíðina.

Sjötta smáþjóðamót Evrópu í karate fór fram um helgina í Laugardalshöll. Auk Íslands sendu sex aðrar þjóðir keppendur á mótið, sem haldið var í fyrsta sinn á Íslandi. Keppendur voru frá Íslandi, Kýpur, Lúxemborg, Möltu, San Marínó, Mónakó og Liechtenstein.

Kept var í þremur unglingaflokkum í liðakeppni í kata og bar Ísland sigur úr býtum í þeim öllum.

Í hópkata 12-17 ára stúlkna sigraði lið Íslands skipað Oddnýu Þórarinsdóttur, Eydís Magneu Friðriksdóttur og Sunnu Rut Guðlaugardóttur. Annað íslenskt lið í sama flokki fékk brons en það var skipað Önnu Halínu Koziel, Iðu Ósk Gunnarsdóttur og Unu Borg Garðarsdóttur.

Karatesamband Íslands

Í hópkata pílta 14-17 ára sigraði lið skipað Tómasi Pálmari Tómassyni, Tómasi Aroni Gíslasyni og Bjarna Hrafnkelssyni.

Í hópkata 12-13 ára drengja sigraði lið 6 skipað: Nökkva Benediktssyni, Birni Breka Halldórssyni og Fróða Vattnes Björnssyni. Ísland fékk einnig brons í þessum flokki. Það var lið 3: Gunnar Haraldsson, Kjartan Bjarnason og Þorgeir Björgvinsson.

Í hópkata kvenna keppti íslenska liðið til úrslita og náði silfri. Liðið var skipað þeim Svönu Kötlu Þorsteinsdóttur, Móeyju Maríu Sigþórsdóttur McClure og Freyju Stígisdóttur.

Í liðakeppni í kumite unnu unglingasveitir Íslands til fimm bronsverðlauna.

Hápunktur dagsins var svo úrslitaviðureignin í liðakeppni karla í kumite. Ísland vann sér sæti í úrslitunum með yfirburðasigri á liði Mónakó, þar sem Ólafur Engilbert Árnason og Aron Bjarkason fóru á kostum. Í úrslitunum keppti Ísland við sveit Kýpur.

Fyrstu tvær viðureignir voru hnífjafnar og spennandi, Máni Karl Guðmundsson tryggði Íslandi 2:1 sigur og Ólafur tapaði naumt, 1:2. Keppnin fór því í oddaviðureign þar sem Ágúst Heiðar Sveinbjörns-son keppti fyrir Íslands hönd.

Ágúst átti jafna viðureign og Kýpverjinn yfir þegar sekúndur voru eftir. Staðan var 2:3 Kýpverjanum í vil þegar sá steig út af vellinum á síðustu sekúndu bardagans. Þessi mistök tryggðu Íslendingum sigurinn og gullið í liðakeppni karla á heimavelli.



Karlalið Íslands í kumite

Íslensku keppendurnir fengu flest verðlaun, þar af 10 gull.

Heildarárangur Íslendinga:

Gull:

Hugi Halldórsson, Cadet kata male

Samúel Josh Ramos, Cadet kumite male -63 kg

Nökkvi Benediktson, U14 kata male

33. Ársþing KAÍ

16. febrúar 2020

Karatesamband Íslands

Anna Halina Koziel, U13 kata female

Victor Anh Duc Le, U13 Kumite male 50+ kg

Jón Snævar Bjarnason, U13 kumite male -50 kg

Male team kumite: Ísland (Ólafur Engilbert Árnason, Máni Karl Guðmundsson, Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Aron Bjarkason)

Cadet and junior kata team female (Eydís Magnea Friðriksdóttir, Sunna Rut Guðlaugardóttir, Oddný Þórarinsdóttir)

Cadet and junior kata team male (Tómas Aron Gíslason, Bjarni Hrafnkelsson, Tómas Pálmar Tómasson)

U14 kata team male: Ísland (Nökkvi Benediktsson, Björn Breki Halldórsson, Fróði Vattnes Björnsson)

Silfur:

Svana Katla Þorsteinsdóttir, Senior kata female

Máni Karl Guðmundsson, Male kumite Open

Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Male kumite 75+ kg

Iveta Chadarova Ivanova, Female kumite -55 kg

Oddný Þórarinsdóttir, Cadet kata female

Hugi Halldórsson, Cadet kumite male 63+ kg

Þorgeir Björgvinsson, U14 kata male

Nökkvi Benediktsson, U14 kumite male -55 kg

Alexander Rósant Hjartarson, U14 kumite male 55+ kg

Una Borg Garðarsdóttir, U13 kata female

Fannar Örn Kristjánsson, U13 kumite male -50 kg

Una Borg Garðarsdóttir, U13 kumite female 42+ kg

Female team kata (Móey María Sigþórsdóttir McClure, Freyja Stígisdóttir, Svana Katla Þorsteinsdóttir)

Brons:

Aron Anh Ky Huynh, Senior kata male

Ólafur Engilbert Árnason, Male kumite Open

Ólafur Engilbert Árnason, Male kumite -75 kg

Aron Bjarkason, Male kumite -67 kg

Iveta Chadarova Ivanova, Female kumite Open

Þórður Jökull Hernýsson, Junior kata male

Freyja Stígisdóttir, Junior kata female

Tómas Aron Gíslason, Junior kumite male -68 kg

Agnar Már Másson, Junior kumite male -61 kg

Daníel Aron Davíðsson, Junior kumite male -61 kg

Karatesamband Íslands

Eydís Magnea Friðriksdóttir, Cadet kata female

Ágúst Valfells, Cadet kumite male -52 kg

Viktoría Ingólfssdóttir, Cadet kumite 54+ kg

Björn Breki Halldórsson, U14 kata male

María Bergland Traustadóttir, U14 kata female

Ylfa sól Þorsteinsdóttir, U14 kata female

Nenad Knezevic, U14 Kumite male 55+ kg

Karen Thuy Duong Vu, U14 kumite female 42+ kg

Victor Anh Duc Le, U13 kata male

Úlfur Kári Ásgeirsson, U13 kata male

Trixie Hannah Tugot, U13 kata female

Davíð Steinn Einarsson, U13 kumite male -40 kg

Úlfur Kári Ásgeirsson, U13 Kumite male 50+ kg

Fróði Vattnes Björnsson, U13 Kumite male 50+ kg

Silja Dögg Steinarsdóttir, U13 kumite female 42+ kg

Ísabella María Ingólfssdóttir, U13 kumite female 42+ kg

Junior kumite team male: Ísland (Tómas Aron Gíslason, Agnar Már Másson, Daníel Aron Davíðsson)

Cadet and junior kata team female (Una Borg Garðarsdóttir, Iðja Gunnarsdóttir, Anna Halina Koziel)

Cadet kumite team female: Ísland (Ronja Halldórsdóttir, Viktoria Ingólfssdóttir, Theodóra Líf Pétursdóttir, Íslold Klara Felixdóttir)

Cadet kumite team male: Ísland (Samúel Týr Sigþórsson McClure, Daníel Karles Randversson, Ágúst Valfells)

U14 kata team male: Ísland (Gunnar Haraldsson, Kjartan Bjarnason, Þorgeir Björgvinsson)

U14 kumite team female: Ísland (María Bergland Traustadóttir, Isabella María Ingólfssdóttir, Karen Thuy Duong Vu)

U14 kumite team female: Ísland (Anna Halina Koziel, Silja Dögg Steinarsdóttir, Una Borg Garðarsdóttir)

U14 Kumite team male: Ísland (Elvar Hrafn Valgeirsson, Fannar Örn Kristjánsson, Nenad Knezevic, Victor Anh Duc Le)

Góður árangur á Bansai Cup, Berlín



Karatesamband Íslands

Ingólfur, Ronja, Theodóra, Viktoría, Ólafur, Máni Karl, Iveta og Aron

Sjö liðsmenn úr landsliði Íslands í karate kepptu í kumite á Banzai Cup í Berlín helgina 5.-6. október. Um 1.300 keppendur voru á mótinu og telst mótið nokkuð sterkt B-mót, þar sem bæði landslið og félagslið kepptu.

Ólafur Engilbert Árnason gerði sér lítið fyrir og sigraði í -75 kg flokknum en hann keppti við Van Dillan Moerkerk, Hollandi, í úrslitum eftir að hafa sigrað fjóra andstæðinga.

Aron Bjarkason sigraði einnig í -60 kg flokki keppenda undir 21 árs. Aron meiddist í úrslitunum og gat því ekki keppt í flokki Senior.

Máni Karl Guðmundsson tryggði sér þriðja sæti í opnum flokki, en þess má geta að Máni er einungis 67 kg og þurfti hann því að keppa við stærri og þyngri keppendur.


Iveta Ivanova náði þriðja sæti í bæði -55 kg undir 21 árs og -55 kg Senior, en flokkarnir voru mjög sterkir og sigraði Iveta m.a. Önnu Sökk, Eistlandi, en sú er fyrrverandi heimsmeistari unglinga.

Ronja Halldórsdóttir, Theodóra Pétursdóttir og Viktoría Ingólfssdóttir kepptu einnig í unglingaflokkum og áttu efnilega spretti, þó engin væru verðlaunin hjá þeim í einstaklingskeppninni, en þær stöllur nældu síðar í bronsverðlaun í liðakeppni unglinga.

Ingólfur Snorrason, landsliðsþjálfari í kumite var með í för.

Björgvin í öðru sæti í Englandi

Ísland átti fjóra keppendur á Central England Karate Open í Worcester 17. nóvember, en hópin skipuðu þau Aron Bjarkason, Björgvin Snær Magnússon, Ronja Halldórsdóttir og Nökkvi Snær Kristjánsson.



Mótið skipar stóran sess í íþróttinni á Bretlandseyjum þar sem mótið telst úrtökumót fyrir Enska landsliðið.

Besta árangri dagsins náði Björgvin Snær Magnússon, en hann keppti til úrslita í -63 kg. flokki 14 til 15 ára og varð í öðru sæti.

Keppendur Íslands kepptu allir í unglingaflokkum og áttu bæði erfiðar og skemmtilegar viðureignir.

Frábær árangur á NM 2019

Frábær árangur náðist á Norðurlandameistaramótinu í karate sem var haldið í Kolding, Danmörku, laugardaginn 23. nóvember.

Þrettán Íslendingar kepptu á Norðurlandamótinu í karate í Danmörku og unnu samtals þrjú silfur og tvö brons, öll í kata.

Bestum árangri náði Þórður Jökull Henrysson, sem vann báða undanriðla sína með yfirburðum og keppti til úrslita í flokki 16-17 ára pilta í kata. Í úrslitum mætti hann Finnannum Teo Lappalainen.

Þórður hlaut þar einkunnina 22,08 fyrir öfluga framkvæmd á kata Anan Dai, en Finninn náði 22,14 í einkunn fyrir sína kata og vann því Þórð með aðeins 0,06 stiga mun, sem er minnsti mögulegi munur á heildareinkunnum. Þórður er að stimpla sig rækilega inn sem einn besti ungi katamaður Norðurlandanna.

Í 16-17 ára stúlknaflokki í kata varð Freyja Stígisdóttir langhæst í sínum undanriðli, rúmlega einum heilum á undan öðrum keppendum. Í úrslitum mætti hún ríkjandi Norðurlanda- og Danmerkurmeistara, Josephine Christiansen, og tapaði fyrir henni með 0,36 stiga mun.

Hugi Halldórsson hreppti svo silfur í kata í flokki 14-15 ára pilta. Hann vann undanriðli sinn örugglega og mætti Svíþjóðarmeistarann William Tran í úrslitum. Tran vann með talsverðum yfirburðum, rúmlega 1 heilum í einkunn. Í sama flokki og Hugi keppti einnig Tómas Pálmar Tómasson. Hann tapaði fyrir Tran í undanriðli og en tryggði sér viðureign um bronsið, sem hann vann af miklu öryggi.

Í flokki 14-15 ára stúlkna í kata varð Eydís Magnea Friðriksdóttir önnur í undanriðli sínum og vann svo bronsviðureign sína örugglega.

Aron Anh Ky Huynh var svo hársbreidd frá bronsverðlaunum í karlaflokki. Í annarri umferð gerði hann sér lítið fyrir og skákaði ríkjandi Norðurlandameistara, Svíanum Alexander Pagot. Aron varð annar í riðlinum á eftir Dananum August Andersen og tryggði sér viðureign um bronsið gegn Dovydas Zymantas frá Litháen. Aftur skildu aðeins 0,06 stig á milli keppenda og var það Litháinn sem fékk bronsið.

Í kumite náðu Mani Karl Guðmundsson, Hugi Halldórsson og Iveta Ivanova bestum árangri Íslendinganna. Öll komust þau í bronsviðureign í sínum flokkum en töpuðu naumlega.



Freyja Stígisdóttir, silfur í kata junior female

Þórður Jökull Henrysson, silfur í kata junior male

Hugi Halldórsson, silfur í kata cadet male

Eydís Magnea Friðriksdóttir, brons í kata cadet female

Tómas Pálmar Tómasson, brons í kata cadet male

einnig náðu fimmta sæti í sínum flokkum:

Aron Anh Ky Hyunh, kata senior male

Hugi Halldórsson, kumite cadet male -70 kg

Iveta C. Ivanova, kumite senior female -55 kg

Máni Karl Guðmundsson, kumite senior -67 kg

Elías Snorrason, KFR og Freyja Stígisdóttir, Þórshamri bikarmeistarar 2019

Laugardaginn 9. nóvembers fór fram þriðja og síðasta bikarmót ársins í karate, mótið var haldið í Fylkisselinu, Norðlingaholti í umsjón Karatedeildar Fylkis. Eftir að úrslit lágur fyrir var ljóst hverju eru bikarmeistarar í karate 2019.

Stigahæstu konurnar urðu;

Freyja Stígisdóttir, Þórshamar, 36 stig

Kristjana Lind Ólafsdóttir, Þórshamar, 24 stig

Móey María Sigþórsdóttir McClure, Breiðablik, 22 stig

Stigahæstu karlarnir urðu;

Elías Snorrason, KFR, 33 stig

Karatesamband Íslands

Aron Anh Ky Hyunh, ÍR, 30 stig

Máni Karl Guðmundsson, Fylkir, 28 stig

Á meðfylgjandi mynd má sjá bikarmeistarana, Elías Snorrason og Freyju Stígsdóttur.



Laugardaginn 9. nóvember, fór fram þriðja GrandPrixmótið sem er mótaröð fyrir 12-17 ára unglunga, þar sem keppt er í kata og kumite, skipt í aldursflokka og miðað er við fæðingarár. Þau sem stóðu uppi sem sigurvegarar og GrandPrixmeistarar eru;

Kata 12 ára drengir, Fróði Vattnes, KFR

Kata 12 ára stúlkur, Trixie Hannah Paraiso Tugot, ÍR

Kata 13 ára drengir, Nökkvi Benediksson, KFR

Kata 13 ára stúlkur, Anna Koziel, KFR

Kata 14-15 ára drengir, Tómas Pálmar Tómasson, Breiðablik

Kata 14-15 ára stúlkur, Oddný Þórarinsdóttir, UMFA

Kata 16-17 ára drengir, Þórður Jökull Henrysson, Afturelding

Kata 16-17 ára stúlkur, Freyja Stígsdóttir, Þórshamar

Kumite 12 ára drengir, Davíð Steinn Einarsson, Fylkir

Kumite 12 ára stúlkur, Silja Dögg Steinarsdóttir, Fylkir

Kumite 13 ára drengir, Alexander Rósant Hjartarson, Fylkir

Kumite 13 ára stúlkur, Karen Thuy Dong Vu, Fylkir

Kumite 14 ára piltar, Hugi Halldórsson, KFR

Kumite 14-15 ára stúlkur, Viktoría Ingólfssdóttir, Fylkir

Kumite 15 ára piltar, Björgvin Snær Magnússon, KFA

Kumite piltar 16-17 ára, Agnar Már Másson, Þórshamar

Kumite stúlkna 16 og 17 ára, Kristjana Lind Ólafsdóttir, Þórshamar



GranPrix meistarar 2019

Karatekona og karatemaður ársins 2019

Stjórn Karatesambands Íslands hefur útnefnt eftirfarandi karatekonu og karatemann ársins 2019.



Karatekona ársins 2019.

Freyja Stígsdóttir, Karatefélagið Þórshamar.

Freyja hefur verið sigursæl karatekona síðusta ár í sínum aldursflokki. Hún keppir í kata og kumite og hefur náð frábærum árangri á árinu. Hún varð í öðru sæti á NM 2019 í sínum flokki auk þess að verða Bikarmeistari kvenna eftir að hafa sigrað á þremur Bikarmótum á árinu. Hún hefur verið í verðlaunasætum erlendis sem og innanlands síðstu ár.

Norðurlandameistaramót 2019, Silfur í junior kvenna
Evrópumeistaramót Junior/U21, 15.sæti í junior kvenna
Smáþjóðamót 2019, Brons í junior kvenna
Smáþjóðamót 2019, Silfur í Team Senior
Gladsaxe Open, Gull í junior kvenna
Gladsaxe Open, Brons í senior kvenna
Gautaborg Open, Silfur í junior kvenna
Swedish Kata Trophy, Brons í junior kvenna

Karatesamband Íslands

Ishoj Karate Cup, silfur í junior kvenna

RIG 2019, Gull í junior kvenna

RIG 2019, silfur í senior kvenna

Bikarmeistari kvenna 2019

Íslandsmeistari í hópkata kvenna

GrandPrixmeistari Kata 16-17 ára stúlkna

Íslandsmeistari Kata 16-17 ára stúlkna

Íslandsmeistari í Kumite stúlkna 16-17 ára

Íslandsmeistaramót, silfur í kata kvenna

Íslandsmeistaramót, brons í kumite -61 kg

Hún er því verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar

Karatemaður ársins 2019.

Aron Anh Ky Huynh, Karatedeild ÍR

Aron Anh er efnilegur karatemaður sem hefur verið vaxandi í keppni undanfarin ár og hefur einbeitt sér að keppni í kata. Aron Anh hefur verið í verðlaunasætum á fullorðinsmótum í kata innanlands sem utan.

Norðurlandameistaramót 2019, 5. sæti í kata karla

Evrópumeistaramót Junior/U21, 11. sæti í kata karla U21

Smáþjóðamót 2019, Brons í Senior Karla

Helsinki Open, Silfur í Kata Senior karla

Helsinki Open, Silfur í kata U21 karla

Swedish Kata Trophy, Brons í Kata Senior Karla

RIG 2019, Gull í Kata Senior

Íslandsmeistaramót fullorðinna, silfur í kata karla

Bikarmót KAÍ, 2. sæti

Hann er því verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar.

NEFNDIR

Aganefnd

Pétur Freyr Ragnarsson - formaður

Ólafur Helgi Hreinsson

Willem Cornelis Verheul

Birkir Jónsson

Ragnar Eyþórsson

Varamenn:

Gretar Örn Halldórsson

Ævar Austfjörð

Vincente Carrasco

Dómaranefnd

Kristján Ó. Davíðsson - formaður

Pétur Freyr Ragnarsson

Ragnar Eyþórsson

Landsliðsnefnd

María Helga Guðmundsdóttir –
formaður

Elías Guðni Guðnason

Stefán Alfreðsson

Mótanefnd

María Jensen – formaður

Bjarki Logason

Gaukur Garðarsson

Kristján Örn Hilmarsson

Graciete Das Dorez

Robert Ben

Guðlaug Bára Helgadóttir

Hrafnhildur Úlfarsdóttir

Landsliðspjálfarar

Ingólfur Snorrason – Kumite

Helgi Jóhannesson – Kata

Halldór Stefánsson -unglingapjálfari

MÓT Á ÁRINU 2019

1. Bikarmót KAÍ 2019

1. Bikarmót KAÍ 2019 - 2019-01-18

Official Results

kata karla				
1	ARON ANH KY HUYNH	ÞROTTFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
2	ELÍAS SNORRASON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
3	ARON BJARKASON	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR		ISL - ICELAND
3	ÞÓRÐUR JÓRULL HENRYSSON	AFTURELDING KARATE		ISL - ICELAND
6	TÓMAS ARON GÍSLASON	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
Kata kvenna				
1	SVANA KATLA ÞORSTEINSDÓTTIR	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
2	MÖEY MARIA SIGÞÓRSÓTTIR MCCLURE	BREIDABLIK_KARATEDEILD		ISL - ICELAND
3	FREYJA STÍGSDÓTTIR	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR		ISL - ICELAND
3	KRISTJANA LIND ÓLAFSDÓTTIR	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR		ISL - ICELAND
Kumite karla				
1	MÁNTKARL GUDMUNDSSON	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
2	ÁGÚST HEIÐAR SVEINBJORNSSON	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
3	DANIEL ARON DAVÍÐSSON	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
3	SAMUEL JOSH RAMOS	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
6	ELÍAS SNORRASON	KARATEFÉLAG REYKJAVÍKUR		ISL - ICELAND
Kumite kvenna				
1	IVETA IVANOVA	KARATEDEILD FYLKIS		ISL - ICELAND
2	FREYJA STÍGSDÓTTIR	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR		ISL - ICELAND
3	KRISTJANA LIND ÓLAFSDÓTTIR	KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR		ISL - ICELAND
3	HJORDIS HELGA ÆGISDÓTTIR	KARATEDEILD HAUKA		ISL - ICELAND

Karatesamband Íslands

Reykjavik International Games 2019 – Karate open

RIG 2019 Reykjavik International
Games Karate - 2019-01-27

Official Results

Individual kata Female 13 Years		
1	FITAL KÖRI	CEX-ASSOCIATION  SCO - SCOTLAND
2	MAGNEA BJÖRT JOHANNESDÓTTIR	KARATEFELAG AKUREYRAR  ISL - ICELAND
3	YLFA SÖL ÞORSTEINSDÓTTIR	FJÖLNIR KARATE  ISL - ICELAND
Individual kata female cadets		
1	ODDNY ÞÓRARINSDÓTTIR	AFTURELDING KARATE  ISL - ICELAND
2	RONJA HALLDÓRSDÓTTIR	KARATEFELAG REYKJAVÍKUR  ISL - ICELAND
3	SÖLEY EVA MAGNUSDÓTTIR	KARATEFELAG AKUREYRAR  ISL - ICELAND
3	EYDÍS MAGNEA FRÍÐRIKSDÓTTIR	FJÖLNIR KARATE  ISL - ICELAND
Individual kata female juniors		
1	FREYJA STIGSDÓTTIR	KARATEFELAGIÐ ÞORSHAMAR  ISL - ICELAND
2	HJÓRDIS HELGA ÆGISDÓTTIR	KARATEDEILD HAUKA  ISL - ICELAND
3	MÖEY MARIA SIGÞÓRSDÓTTIR MCCLURE	BREIDABLIK_KARATEDEILD  ISL - ICELAND
3	HELENA HJÓRVAR	KARATEFELAGIÐ ÞORSHAMAR  ISL - ICELAND
INDIVIDUAL KATA FEMALE SENIORS		
1	SVANA KATLA ÞORSTEINSDÓTTIR	BREIDABLIK_KARATEDEILD  ISL - ICELAND
2	FREYJA STIGSDÓTTIR	KARATEFELAGIÐ ÞORSHAMAR  ISL - ICELAND
3	MÖEY MARIA SIGÞÓRSDÓTTIR MCCLURE	BREIDABLIK_KARATEDEILD  ISL - ICELAND
3	HJÓRDIS HELGA ÆGISDÓTTIR	KARATEDEILD HAUKA  ISL - ICELAND
Individual kata Male 13 Years		
1	HUGI HALLDÓRSSON	KARATEFELAG REYKJAVÍKUR  ISL - ICELAND
2	ÞORGEIR BJÖRGVINSSON	AFTURELDING KARATE  ISL - ICELAND
3	SAMUEL TYR SIGÞÓRSSON MCCLURE	BREIDABLIK_KARATEDEILD  ISL - ICELAND
3	GUNNAR HARALDSSON	AFTURELDING KARATE  ISL - ICELAND
Individual kata male cadet		
1	TÓMAS PALMAR TÓMASSON	BREIDABLIK_KARATEDEILD  ISL - ICELAND
2	TÓMAS ARON GÍSLASON	BREIDABLIK_KARATEDEILD  ISL - ICELAND
3	STEFAN FRANZ GUBNASON	KARATEFELAGIÐ ÞORSHAMAR  ISL - ICELAND
3	BJARNI HRAFNKELSSON	BREIDABLIK_KARATEDEILD  ISL - ICELAND
Individual kata male juniors		
1	ÞORÐUR JÓKULL HENRYSSON	AFTURELDING KARATE  ISL - ICELAND
Þórshamar	Halldór Pálsson	A-meðdómari	10.2014	A-dómari	02.2015
Þórshamar	Kári Steinn Benediktsson	A-meðdómari	10.2019	B-dómari	02.2016
Þórshamar	María Helga Guðmundsdóttir	A-meðdómari	11.2015	A-dómari	04.2018
Þórshamar	Ólöf Soffía Eðvarsdóttir	—	—	B-dómari	02.2016
Þórshamar	Óttar Snær Yngvason	B-meðdómari	10.2017	B-dómari	02.2016
Þórshamar	Sæmundur Ragnarsson	B-Meðdómari	09.2015	IB-dómari	02.2016

LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS.

1. gr. Karatesamband Íslands (KAÍ) er æðsti aðili um öll karatemál innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).
2. gr. Karatesamband Íslands er samband héraðssambanda, sem hafa iðkun karate innan sinna vébanda.
3. gr. Starf KAÍ er í meginatriðum:
 - a) Að hafa yfirumsjón allra íslenskra karatemála.
 - b) Að vinna að eflingu karateíþróttarinnar í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd hennar.
4. gr. Málefnum KAÍ stjórna:
 - a) Karateþing.
 - b) Stjórn KAÍ.
5. gr. Karateþing fer með æðsta vald í málefnum KAÍ. Þingið sitja fulltúar frá þeim aðilum, sem mynda KAÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra iðkenda karate í aðildarfélögum, þannig að fyrir allt að 25 menn koma 2 fulltúar og síðan tveir í viðbót fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í allt að 75 iðkendum og þá 1 fulltúi fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í 100 iðkendum, en síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50 upp í 200, en síðan 1 fyrir hverja hundrað eða brot úr hundrað upp í 500, en loks 1 fulltrúi fyrir hverja 200 eða brot úr 200 eftir það. Félög, sem ekki hafa skráða iðkendum fá 2 fulltrúa á ársþingi ef vottorð frá viðkomandi héraðssambandi staðfestir að karate sé sannanlega iðkað í félaginu, eða deild ef sams konar vottorð kemur frá félagsstjórninni. Hvert héraðssamband og íþróttabandalag, þar sem stundað er karate, á rétt á einum fulltrúa. Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar. Skal boða það með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skal tilkynna stjórn KAÍ minnst 21 degi fyrir þingið. Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðara fundarboð. Karateþing er lögmaett ef löglega er til þess boðað.
6. gr. Á karateþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:
 - a. Stjórn KAÍ, varastjórn og skoðunarmenn reikninga.
 - b. Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
 - c. Fastráðnir starfsmenn KAÍ og ÍSÍ.
 - d. Fulltrúar karatedómarafélaga.
 - e. Allir nefndarmenn KAÍ.
 - f. Auk þess getur stjórn KAÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í félagi sem hefur karateiðkun á stefnuskrá sinni innan héraðssambands er kjörgengur fulltrúi þess á karateþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði.

Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið, eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá því að sækja þingið, þá má heimila að fulltrúi fari með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila, sérráðs eða héraðssambands sem hann er fulltúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila sem eiga heima þar sem þingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en

Karatesamband Íslands

eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila. Enginn þingfulltúi getur farið með fleiri en 2 atkvæði.

7. gr. Aukapíng má halda ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Boðunarfrestur til aukapíngs skal vera 2 vikur. Fulltrúar á aukapíngi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukapíngi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða er hætt störfum af öðrum sökum. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt karateþing.
8. gr. Störf karateþings eru:
1. Þingsetning.
 2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
 3. Kosnar fastar nefndir:

- a. Kjörbréfanefnd.
- b. Fjárlaganefnd.
- c. Laga- og leikreglnanefnd.
- d. Allsherjarnefnd.
- e. Kjörnefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
8. Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.
9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

- Þ I N G H L É -

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
11. Önnur mál.
12. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmenn reikninga.
13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.
14. Val fulltrúa á Íþróttapíng.
15. Þingslit.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. gr. 3. mgr.).

Ársskýrslu KAÍ, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, svo og ágríp af þinggerð þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KAÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9. gr. Stjórn KAÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli þinga. Stjórn KAÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Karatesamband Íslands

Stjórn KAÍ skal strax að loknu ársþingi skipa eftirtaldar nefndir:

Mótanefnd KAÍ og landsliðsnefnd KAÍ.

Hvor nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum. Stjórn KAÍ skal boða formenn nefnda á stjórnarfund þegar þurfa þykir eða formenn nefnda óska þess. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík. Reikningsár KAÍ miðast við almanaksárið.

10. gr. Starfssvið stjórnar KAÍ er:

- a) Að framkvæma ályktanir karateþings.
- b) Að vinna að eflingu karate í landinu.
- c) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir karate.
- d) Að senda sambandsstjórn og framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- e) Að líta eftir því að lög og leikreglur KAÍ séu haldnar.
- f) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
- g) Að raða niður og ákveða stað og tíma landsmóta. Það skal KAÍ að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samráði við stórnir sérráða (héraðsstjórna) og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- h) Að úthluta þeim styrkjum til karate sem KAÍ fær til umráða.
- i) Að koma fram erlendis fyrir hönd karateíþróttarinnar í landinu.
- j) Að tilkynna með hæfilegum fyrirvara framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.

11. gr. Formaður KAÍ boðar stjórnarfund og stjórnar þeim.

12. gr. Héraðssamböndin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar KAÍ. Þau skulu og senda henni skýrslur um mót sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánuðar eftir að mótinu lýkur. Ársskýrslur sínar um störf héraðssambands og tölu virkra karatemanna í umdæminu skulu þau senda stjórn KAÍ fyrir 1. júní ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á karateþingi. (sbr. 5. gr.).

13. gr. Dómsmál vegna málaferla KAÍ skulu rekin fyrir dómstólum ÍSÍ.

14. gr. Kæur skulu vera skriflegar og skal kærán eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Sé kærán póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kærán ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómar dómstóls KAÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi.

15. gr. KAÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, vinna að stofnun nýrra sérráða.

16. gr. Stjórn KAÍ hefur frjálsan aðgang að öllum karatemótum og sýningum sem fram fara innan vébanda KAÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssamband sem eru aðilar að sambandinu.

17. gr. Tillögur um að leggja KAÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu karateþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan síðan látnin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja KAÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir KAÍ til varðveislu.

18. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt þau.

Lög þessi öðluðust gildi 4. maí 1985 er þau voru samþykkt á Sambandsstjórnarfund

AFREKSSTEFNA KARATESAMBANDS ÍSLANDS 2019 - 2022

Inngangur

Karateíþróttin er að mestum hluta stunduð í félögum á höfuðborgarsvæðinu og eru félögin í dag Karatefélagið Þórshamar, Karatefélag Reykjavíkur og karatedeildir Breiðabliks, Fylkis, Hauka, Víkinga, Fjölnis, Aftureldingar og ÍR. Utan höfuðborgarsvæðisins er karate stundað hjá Karatefélagi Akraness, Akranesi, Karatefélagi Suðurlands, Selfossi, Karatefélagi Akureyrar, Akureyri, Karatefélagi Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum. Einnig á Grundarfirði, Eskifirði og í Neskaupsstað.

Karateíþróttin hefur verið í örum vexti undanfarin 30 ár. Á Íslandi eru stundaðir að mestu 4 stílar karate, og hefur það áhrif að nýtingu á þjálfurum. Þ.e. það er ekki eins auðvelt að samnýta þjálfara á milli karatestíla. Nokkur félög hafa farið út í það að sækja kennara erlendis frá og hefur það reynst mjög vel. Það er hins vegar mjög kostnaðarsamt og ekki allir sem hafa ráð á því.

Framkvæmd

Stjórn KAÍ í samstarfi við landsliðsnefnd fer yfir afreksstefnun KAÍ í upphafi árs. Uppfærð afreksstefna er lögð fyrir Karateþing í febrúar ár hvert til kynningar, umræðu og samþykktar. Að þingi loknu er Afreksstefnan uppfærð á heimasíðu KAÍ.

Markmið

Markmið Karatesambands Íslands fyrir afrek á erlendum vettvangi er eftirfarandi:

Að stefna að því að eiga keppendur í átta manna úrslitum á Evrópu- eða heimsmeistaramótum og eiga keppendur í verðlaunasætum á sterkum eða millisterkum alþjóðlegum mótum. Þetta á hvoru tveggja við um unglinga og fullorðins keppendur.

Veikleikar/Styrkleikar

Það sem háir íþróttinni á landsvísi er fyrst og fremst þjálfaraskortur. Nánast allir þeir þjálfarar sem eru hærra gráðaðir (svart belti eða hærra) eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Kostnaður er einnig mikill við þátttöku á mótum erlendis.

Landsliðsþjálfarar

Landsliðsþjálfarar þurfa að hafa staðgóða þekkingu á karate með keppni í huga. Hafa lokið þjálfaranámi ÍSÍ eða með sambærilega menntun. Erlendir þjálfarar sem koma til landsins hafa mikla keppnisreynslu og hafa starfað sem þjálfarar afreksmanna í karate. Þjálfarar landsliðanna eru hvattir til að afla sér aukinnar þekkingar í íþróttinni og öðrum þáttum afreksíþróttar. Haldin eru þjálfaranámskeið fyrir félagsþjálfara þar sem áherslur og markmið landsliðsþjálfara eru útskýrð.

Aðstaða

Íþróttina er hægt að stunda við mjög einföld skilyrði þ.e. aðstaða í flestum íþróttasölum landsins er fullnægjandi. Karatesambandið er ekki með eigin aðstöðu til æfinga fyrir landsliðin en hefur leitað til karatefélaga og –deilda með æfingaaðstöðu. Flest þeirra eiga nú viðurkennda keppnisvelli sem nýtast við æfingar.

Mótahald

Karatesamband Íslands

Lengst framan af voru aðeins fá mót sem iðkendur gátu keppt á. Með tilkomu nýrra móta sem KAI hratt af stað, þ.e. Bikarmótaröð fullorðinna sem eru 2-4 yfir árið og var farið af stað með árið 1996, sem og bikarmótaröð unglunga (12-17 ára) sem fyrst var keppt á árið 2006, hafa keppendur öðlast mun fyrr keppnisreynslu sem þeim er svo nauðsynleg þegar komið er á erlend mót.

Sífelld stækkandi hópur íslenskra keppnismanna hefur sótt alþjóðleg mót undanfarin ár og náð þar ágætis árangri. Yngri keppendur eru farnir að sækja alþjóðleg mót í mun ríkari mæli, og verða þannig mun betur í stakk búin til að ná árangri á erlendri grundu en áður hefur þekkt.

Afrek

Afrek telst vera að komast í fimm manna úrslit á sterkustu opnu alþjóðamótunum, svo sem Opna enska, franska, þýska, hollenska o.s.frv, 1-3 sæti á millisterkum mótum, þar með talið Norðurlandamót, í 16 manna úrslit á Evrópumótum og Heimsmeistaramótum, hvort sem um er að ræða unglingamót eða fullorðinsmót.

Hvernig á að ná þessum markmiðum

- Innan KAÍ skal starfa Landsliðsnefnd, valin af stjórn KAÍ, til að halda utan um landsliðsmál.
- Það skulu vera starfandi landsliðspjálfarar bæði fyrir Kata- og Kumite lið.
- Landsliðspjálfa þurfa að hafa skipulagðar landsliðsæfingar allan ársins hring, bæði opnar og lokaðar.
- Starfandi fullorðinslandslið og unglingalandslið.
- Senda á keppendur frá u.þ.b. 13 ára aldri á alþjóðleg mót þannig að þau öðlist þá keppnisreynslu sem til þarf til að ná árangri á erlendri grundu. Unglingalandslið fari utan í keppni a.m.k. 2 sinnum á ári og fullorðins 3 sinnum eða oftar.
- Stefnt er að því að þeir einstaklingar sem eru valdir í landslið, hafi aðgang og vinna með sérfræðingum á sviðum líkamsuppbyggingar, íþróttasálfræði, næringarfræði og heilsuverndar.
- KAÍ getur styrkt unga keppendur til að sækja alþjóðleg mót þótt ekki séu þeir komnir í landslið enda hafi þeir sýnt metnað og mætt á opnar landsliðsæfingar KAÍ eftir þeim viðmiðunum sem landsliðsnefnd setur hverju sinni.

Skipulag

Karatesamband Íslands fer með málefni íþróttarinnar gagnvart ÍSí og er aðili að Norræna karatesambandinu (NKF), Karatesambandi Smáþjóða í Evrópu (SSEKF), Karatesambandi Evrópu (EKF), Alþjóða karatesambandinu (WKF) og er viðurkennt af Alþjóða Ólympíunefndinni, IOC.

Landsliðspjálfi í samvinnu við landsliðsnefnd ber ábyrgð á að fylgja stefnu sambandsins í þeim málum sem honum er úthlutað. Hann sér um að undirbúa keppendur fyrir þau verkefni sem á undan hafa verið talin og ná þeim markmiðum sem koma fram í afreksstefnunni. Val á keppendum er undir honum komið og vinnur hann í samvinnu við landsliðsnefnd KAÍ hverju sinni.

Landsliðshópur

Til að komast í landslið Íslands í karate þurfa keppendur að hafa fengið boð frá landsliðspjálfa. Landsliðspjálfarar velja í landsliðshóp.

Keppandi mætir a.m.k. á 70% skipulagðra samæfinga á vegum landsliðsnefndar á hverju misseri. Keppandi stenst þolprófi sett af landsliðspjálfa.

Keppandi vinnur sjálfstætt í æfinga- og keppnisáætlun sinni og fer reglulega yfir hana með landsliðspjálfa/landsliðsnefnd.

Karatesamband Íslands
Verkefni 2018-2021

Hér eru upptalin þau verkefni sem stefnt er að ef fjárhagur leyfir og keppendur hafa sýnt árangur sem uppfyllir skilyrði til þátttöku í erlendum verkefnum. Verkefni geta fallið niður ef ekki er til nægilegt fjármagn.

Verkefni 2019

Heimsmeistaramót ungmenna í október , Chile
Evrópumeistaramót unglunga, í febrúar í Danmörku
Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí í Spáni,
Norðurlandameistaramót, Litháen
Smáþjóðamót Evrópu í karate í september í Reykjavík
Opin mót í Evrópu
Opin mót á Norðurlöndum
Reykjavík International Games – Karate

Verkefni 2020

Olympíuleikar í ágúst, Tokio
Úrtökumót fyrir Ólympíuleika, í maí París, Frakklandi
Heimsmeistaramót fullorðinna, í október, Dubai
Evrópumeistaramót unglunga, í febrúar Ungverjalandi
Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí í Azerbaidjan
Norðurlandameistaramót, í nóvember í Noregi
Smáþjóðamót Evrópu í karate í september í Lichtenstein
Opin mót í Evrópu
Opin mót á Norðurlöndum
Reykjavík International Games – Karate

Verkefni 2021

Heimsmeistaramót ungmenna í október
Evrópumeistaramót unglunga, í febrúar í Finnlandi
Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí í Svíþjóð
Norðurlandameistaramót, í Lettlandi
Smáþjóðamót Evrópu í karate, í september
Opin mót í Evrópu
Opin mót á Norðurlöndum
Reykjavík International Games – Karate

Verkefni 2022

Heimsmeistaramót fullorðinna, í október, Ungverjalandi
Evrópumeistaramót unglunga, í febrúar

Karatesamband Íslands

Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí, Tyrklandi

Norðurlandameistaramót, Svíþjóð

Smáþjóðamót Evrópu í karate, í september

Opin mót í Evrópu

Opin mót á Norðurlöndum

Reykjavík International Games – Karate

Fjármögnun

Landsliðsverkefni eru fjármögnuð með afreksstyrkjum frá Afrekssjóði ÍSÍ, með Lottó tekjum, af öðrum tekjum sambandsins og með styrkjum frá styrktaraðilum. Einnig greiða keppendur hluta kostnaðar við hverja ferð.

Fagteymi

Vegna smæðar sambandsins er ekki starfandi fagteymi hjá Karatesambandinu. Sambandið mun aðstoða keppendur með að útvega sjúkrapjálfa og íþróttasálfræðing eftir þörfum. Stefnt er að því að nýta sameiginlegt teymi ÍSÍ þegar því verður komið á fót.

Endurmat

Landsliðsþjálfari/landsliðsnefnd skilar stjórn KAÍ skýrslu á ári hverju þar sem síðasta ár er skoðað með tilliti til árangurs, eftirfylgni og áætlana. Landsliðsnefnd og stjórn meta stöðuna og halda eða breyta áætlunum hverju sinni.

Aðilar og ábyrgð

Stjórn KAÍ hefur alla umsjón og ber ábyrgð á afreksstefnu sambandsins. Beinir aðilar að afreksstefnunni eru: Stjórn KAÍ, landsliðsnefnd, sérþjálfarar, karatefélögin og keppendur. KAÍ skal kynna keppendum hlutverk þeirra og væntingar sem gerðar eru til þeirra sem valdir eru í landslið sambandsins. KAÍ skal vinna að því að virkja það fólk sem kemur að afreksstefnunni, til að vinna jafnframt með hóp ungra og uppnemandi afreksmanna.

Samþykkt á Karateþingi 17. Febrúar 2019.

REGLUGERÐIR

REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.

Almennar reglur.

1. gr. Íslandsmeistaramót í Karate skal vera fimmskipt, Kata og Kumite fullorðinna, Kata og Kumite unglunga og Kata barna. Framkvæmdaraðili skal vera Mótanefnd KAÍ. Félag sem sendir keppendur á mót á vegum KAÍ skal tilnefna nefndarmann í Mótanefnd KAÍ í upphafi keppnistímabils. Ef mótanefnd er ekki skipuð skal formaður KAÍ, varaformaður og gjaldkeri skipa nefndina.

2. gr. Íslandsmeistaramót unglunga í Kumite skal haldið í október og Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite skal haldið í nóvember ár hvert. Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kata skal haldið í mars ár hvert. Íslandsmeistaramót barna í Kata skal haldið í mars eða apríl ár hvert. Íslandsmeistaramót unglunga í Kata skal haldið í mars eða apríl ár hvert. Ef sérstaklega stendur á getur mótanefnd eða

Karatesamband Íslands

stjórn KAÍ breytt mótstíma frá því sem að ofan greinir. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.

3. gr. Tilkynna skal dagsetningu mótanna og dagskráratriði þeirra með minnst 14 daga fyrirvara til allra karatefélaga og -deilda innan ÍSí. Þar skal m.a. taka fram þáttökugjald. Þáttökutilkynningar skulu berast frá félögunum eigi síðar en 2 dögum fyrir mótið, en þó getur mótanefnd ákveðið að hafa þann tíma annan. Greiðsla þáttökugjalda, eða staðfesting greiðslu, skal fylgja tilkynningum félaganna.

4. gr. Þá daga sem Íslandsmeistaramótin fara fram má ekki stofna til annarrar opinberrar karatekeppni.

5. gr. Mótanefnd eða stjórn KAÍ hefur heimild til þess að takmarka fjölda keppenda í hverri grein og þá jafnframt að kveða á um hámarksfjölda keppenda frá hverju félagi í hverri grein. Það skulu þó aldrei vera færri en tveir í einstaklingsgreinum. Dómaranefnd skal skipa aðaldómara á komandi móti og skal mótanefnd tilgreina hann í tilkynningu til félaganna.

Starfsfólk.

6. gr. Á hverjum velli skulu vera kynnir, ritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Ef keppt er á tveimur eða fleiri völlum á móti skal tilnefna yfirdómara og mótsstjóra. Þeir sjá um að framkvæmd móts gangi hratt og vel fyrir sig. Á kumitemótunum skal vera lækni eða hjúkrunarfræðingur til staðar. Hvert þáttökufélag er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ fyrir hverja 5 keppendur eða hluta af þeim fjölda. Starfsmenn og keppendur skulu bera einkennismerki og keppnissvæðið skal afgirt frá áhorfendum. Á Íslandsmeistaramótum barna- og unglunga skal hvert félag tilnefna liðsstjóra sem aðstoðar starfsfólk mótsins við að halda reglu á mótinu. Mótanefnd er heimilt að sekta félög eftir 16. gr. ef þau vanrækja að tilnefna starfsfólk, halda liðsstjóra eða tilnefna dómara. Nýtt félag sem hefur þátttöku í mótum á vegum KAÍ hefur undanþágu í 3 ár til að útvega réttindadómara. Að þeim tíma liðnum skal félagið sektað eða vísað frá keppni ef það getur ekki uppfyllt skilyrði þátttökuréttar.

Keppendur.

7. gr. Keppendur á Íslandsmeistaramótum barna- og unglunga skulu vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst, en á Íslandsmeistaramótum fullorðinna skulu keppendur vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra keppnisflokki. Sé Íslandsmeistaramót barna eða unglunga mjög fjölmennt getur mótanefnd skipt því upp í 2 hluta og þurfa þá keppendur að vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra hluta. Til að öðlast þátttökurétt á kumitemóti þarf að standast viktun í viðkomandi þyngdarflokki. Að

Karatesamband Íslands

jafnaði er viktað kvöld fyrir mót. Þeir sem ekki standast skráða vikt öðlast ekki þátttökurétt. Keppandi getur verið liðsstjóri á móti ef hann er skráður sem slíkur áður en skráningarfresti lýkur.

Keppnin.

8. gr. Í upphafi móts kallar aðaldómari saman aðra dómara, heldur dómarafund og skipar þá í stöður.

9. gr. Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kata kvenna.

Kata karla.

Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).

Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kumite kvenna, -61 kg.

Kumite kvenna, +61 kg.

Kumite kvenna, opinn flokkur.

Kumite karla, -60 kg.

Kumite karla, -67 kg.

Kumite karla, -75 kg.

Kumite karla, -84 kg.

Kumite karla, +84 kg

Kumite karla, opinn flokkur.

Liðakeppni karla (3 manna sveitir).

Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kumite pilta 12 ára.

Kumite pilta 13 ára.

Kumite pilta 14 og 15 ára -63 kg*.

Kumite pilta 14 og 15 ára +63 kg*.

Kumite pilta 16 og 17 ára -68 kg*.

Kumite pilta 16 og 17 ára +68 kg*.

Kumite stúlkna 12 og 13 ára.

Kumite stúlkna 14 og 15 ára -54 kg*.

Kumite stúlkna 14 og 15 ára +54 kg*.

Kumite stúlkna 16 og 17 ára -59 kg*.

Kumite stúlkna 16 og 17 ára +59 kg*.

* ef fjöldi keppenda leyfir skiptingu.

Á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kata stúlkur 12 ára.

Kata stúlkur 13 ára.

Kata stúlkur 14 ára.

Kata stúlkur 15 ára.

Kata stúlkur 16 og 17 ára.

Kata piltar 12 ára.

Kata piltar 13 ára.

Kata piltar 14 ára.

Kata piltar 15 ára.

Kata piltar 16 og 17 ára.

Hópkata táninga 12 og 13 ára.

Hópkata táninga 14 og 15 ára.

Hópkata táninga 16 og 17 ára.

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kata stúlkna 8 ára og yngri.

Kata stúlkna 9 ára.

Kata stúlkna 10 ára.

Kata stúlkna 11 ára.

Kata pilta 8 ára og yngri.

Kata pilta 9 ára.

Kata pilta 10 ára.

Kata pilta 11 ára.

Hópkata barna 9 ára og yngri.

Hópkata barna 10 og 11 ára.

Á meistaramótum barna og unglunga skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft

karate í 1. ár hið minnsta. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem elsti keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 11 ára og yngri en unglungamótið fyrir 12 til 17 ára.

Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 16 ára í kata og í þyngdarflokki í kumite en 18 ára í opnum flokki í kumite og í liðakeppni í kumite, miða skal við fæðingarár. Tilgreina þarf nöfn þeirra keppenda sem taka þátt í hópkata eða liðakeppni í kumite og í hvaða liði viðkomandi er ef hans þátttökufélag sendir fleiri en eitt lið í viðkomandi grein. Notast skal við flaggadómgæslu á barnamótum í kata.

10. gr. Íslandsmeistaraverðlaun skulu vera fyrir 1. sæti, verðlaunagripur eða gylltur peningur, fyrir annað sæti silfurlitaður peningur og það þriðja bronslitaður peningur. Þegar keppt er eftir uppreisnarfyrirkomulagi er ekki keppt um 3ja sæti heldur skal veita tvenn bronsverðlaun. Ef keppendur eru 3 keppa allir við alla. Veitt eru gull, silfur og bronsverðlaun fyrir 1. – 3. sæti. Sigurvegari er sá sem hefur flesta bardagasigra. Ef tveir eða fleiri keppendur hafa sama fjölda sigra er sigurinn þess keppanda sem sigraði innbirgðisviðureign þeirra. Ef enn er jafnt sigrar sá sem hefur skorað flest stig úr bæði sigur- og tapbardögum. Íslandsmeistarar í sveitakeppnum fá auk þess til varðveislu farandbikar í eitt ár. Á meistaramótum barna og unglinga skal verðlauna það félag sem fær flest stig með farandbikar til varðveislu en einnig annan minni áritaðan til eignar.

11. gr. Á Íslandsmeistaramótum í kata skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi. Keppt skal eftir keppnisreglum WKF þar sem því verður við komið. Á Íslandsmeistaramóti unglinga í kata mega keppendur í flokkum pilta og stúlkna, 13 ára og yngri, sýna sömu kata aftur. Það sama á við um keppendur á Íslandsmeistaramóti barna í kata. Keppa skal til úrslita til að ákvarða fyrsta og annað sæti en tveir keppendur geta verið í þriðja sæti. Ef ekki skrá sig til leiks fleiri en tveir keppendur eða lið, fellur keppni niður í þeirri grein. Keppanda í þeim flokki er þá heimilt að keppa í næsta flokki fyrir ofan í þyngd eða aldri.

12. gr. Á Íslandsmeistaramótum í kumite skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi, en þó er mótanefnd heimilt að ákveða að láta keppa í riðlum, allir við alla, en það skal þá koma skýrt fram í mótstilkynningu. Ef keppendur eru þrír skulu allir keppa við alla. Keppni um þriðja sætið skal hagað þannig að þeir sem töpuðu fyrir þeim sem komast í úrslit keppa um það, þó getur mótanefnd ákveðið að hafa annan hátt á. Sömu reglur gilda um liðakeppnina, nema mótanefnd ákveðið að láta liðin keppa innbyrðis eftir öðrum reglum.

13. gr. Í þeim tilfellum sem mótanefnd getur ákveðið að hafa annan hátt á en um getur hér að ofan eða í alþjóðlegum reglum, þá skal félögunum tilkynnt það í mótstilkynningu eða í síðasta lagi sex dögum fyrir mótið.

Kæror, fundir, úrslit og skýrslur.

14. gr. Mótanefnd skal sjá um að fáanlegar séu skriflegar upplýsingar um úrslit mótsins, í síðasta lagi daginn eftir mótið. Skýrslu um mótið skal senda stjórn KAÍ innan mánaðar eftir að mótinu lýkur.

15. gr. Kæror um framkvæmd móts eða ákvarðanir mótanefndar varðandi mótin, skulu berst áfríunarnefnd í síðasta lagi 48 tímum eftir lok móts. Kæror skulu vera skriflegar. Kæror varðandi atvik, sem eiga sér stað fyrir mót skulu afgreiddar innan sólarhrings frá því þær berast. **Eyðublað fyrir kæru á móti.** Áfríunarnefnd skal jafnóðum taka afstöðu til kæra sem berst á eða fyrir mót og geta varðað úrslit eða lögmæti mótsins. Áfríunarnefnd skal annars taka afstöðu til kæra innan viku frá því að kæra berst. Kærandi skal skýrt frá úrlausn áfríunarnefndar munnlega, en kærandi getur

óskað eftir skriflegri niðurstöðu. Niðurstaða í úrlausn áfríunarnefnd skal stuttlega rökstudd, þó er ekki þörf ítarlegs rökstuðnings varðandi kærur sem afstaða er tekin til á mótunum sjálfum, nægir þá oft að vísa til lagaákvæðis. Úrlausnir áfríunarnefnd eru kærانegar til dómstóls ÍSÍ í viku eftir að kæranda berst vitneskja um niðurstöðu hennar.

16. gr. Mótanefnd er heimilt að sekta þau félög eða vísa frá móti, sem ekki senda starfsmenn, dómara eða liðsstjóra á mót samkvæmt reglum þessum. Sektir geta verið allt að fimmföld upphæð samanlagðs þátttökugjalds fyrir alla keppendur sem skráðir eru frá félaginu. Mótanefnd er heimilt að meina þeim félögum að taka þátt á móti er ekki uppfylla skilyrðin eða inna eigi sektir af hendi þegar þeirra er krafist. Sama er að segja um næsta eða næstu mót ef sektin er eigi greidd áður.

17. gr. Kærur varðandi agabrot á mótum skulu berast aganefnd KAÍ. Aðaldómara er skylt að gera skriflega skýrslu um þau agabrot, er hann verður var við og senda aganefnd innan 14 daga frá því að móti lauk. Öðrum dómurum á mótinu er skylt að tilkynna aðaldómara um slík brot, sem þeir verða varir við og skila skýrslu um þau til hans í mótslok. Í skýrslu um agabrot skal tilgreina nafn hins brotlega, félag, stað, tíma og í hverju agabrotið er fólgið, einnig skal nefna vitni ef einhver eru.

18. gr. Ekki má mótmæla dómi við dómara. Ef dómaragjörð virðist brjóta gegn reglunum, hafa formaður viðkomandi félags eða liðstjóri keppanda einir rétt til að mótmæla. Mótmælin verða að berast til Yfirdómara viðkomandi móts. Þegar þar að kemur, mun dómaranefnd KAÍ fara yfir aðstæður sem leiddu til mótmælanna. Eftir að hafa tekið tillit til allra staðreynda sem fyrir liggja munu þeir skila skýrslu til stjórnar KAÍ og viðkomandi aðila.

19. gr. Í úrslitum eftir mót er mótanefnd skylt að birta úrslit móts með stigagjöf félaga, þannig að félag fær 3 stig fyrir 1 sæti, 2 stig fyrir 2 sæti og 1 fyrir 3 sæti. Fyrir liðakeppni í kata og kumite skal reikna tvöföld stig fyrir hvert sæti.

20. gr. Að öðru leiti gilda reglur WKF um Íslandsmeistaramót KAÍ.

21. gr. Ef eitthvert félag óskar þess, þá skal halda fund á næstu dögum eftir mót, þar sem rætt er um úrslit, framkvæmd, kærur og úrbætur mótsins.

Félagaskipti.

22. gr. Félagaskipti skal tilkynna KAÍ skriflega með ábyrgðarbréfi eða öðrum sannanlegum hætti. Tilkynning þessi skal undirrituð af þeim sem óskar félagaskipta eða forráðamanni hans. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, eru t.d. ekki skriflegar eða undirritun félagsins/forráðamannsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti. Með tilkynningum

félaganna um þátttakendur á mót skal fylgja tilkynning um öll félagaskipti sem átt hafa sér stað á undangengnu tímabili, og ekki er þegar búið að tilkynna um.

Samþykkt á 8. Karateþingi 19. mars 1991.

Síðast breytt af stjórn KAÍ 28. september 2019.

REGLUR UM FÉLAGSSKIPTI

1. Hlutgengi.

Hlutgengur til þátttöku í mótum á vegum KAÍ er hver sá aðili sem er félagsbundinn í félagi innan KAÍ og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur ÍSÍ á hverjum tíma.

2. Almenn um félagsskipti

Öll félagsskipti, 14 ára og eldri, skal tilkynna KAÍ skriflega á þar til gert eyðublað. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar.

3. Framkvæmd félagaskipta

3.1 Öll félagaskipti skulu fara fram á þar til gerðu eyðublaði útgefnu af KAÍ. **Eyðublað fyrir Félagsskipti** skal undirritað af viðkomandi félagsmanni, félagi sem gengið er úr og félagi sem gengið er í. Undirritun fulltrúa félagsdeildar sem gengið er úr staðfestir að viðkomandi félagsmaður hafi engar skuldbindingar við sitt fyrra félag. Hafi félagsmaður einhverjar skuldbindingar við sitt fyrra félag er því félagi heimilt að hafna félagsskiptunum. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, eru t.d. ekki skriflegar eða undirritun félags/forráðamannsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti.

3.2 Stjórn KAÍ er ekki heimilt að staðfesta félagsskipti fyrr en undirskriftir umsækjenda og staðfesting félaga sem hlut eiga að máli liggur fyrir. Þegar stjórn KAÍ hefur staðfest félagaskiptin öðlast viðkomandi aðili keppnisheimild með sínu nýja félagi. Upplýsingar um félagaskipti skulu birtar á heimsíðu KAÍ þegar þau hafa verið samþykkt.

4. Úrskurðar- og umsagnaraðili

Stjórn KAÍ er úrskurðaaðili í deilum sem upp koma varðandi félagaskipti. Úrskurði geta aðilar áfrýjað til dómstóls ÍSÍ. Að öðru leyti en að framan greinir vísast til almennra reglna ÍSÍ um móta- og keppendareglur sem í gildi eru á hverjum tíma.

Samþykkt á karateþingi 22. febrúar 2014

REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.

Almennar reglur.

1. gr. Árlega skal halda Bikarmót KAÍ í kumite og kata. Hvert bikartímabil er almanaksárið. Bikarmótinu skal skipta í einn, tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í tveimur flokkum í hverjum hluta mótsins í kumite, opnum flokki kvenna og opnum flokki karla og tveimur flokkum í

kata, flokki karla annars vegar og flokki kvenna hins vegar.

2. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir tvö þriðjasæti og 3 stig fyrir að tapa bardaga um þriðja sæti. Ef keppendur eru 3 keppa allir við alla og skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti og 6 stig fyrir þriðja sæti. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti. Hægt er að keppa bæði í kata og kumite og leggjast þá stigin úr greinunum tveim saman. Eftir að öllum Bikarmótum tímabilsins er lokið skulu stigahæsta konan og stigahæsti karlinn í samanlögðum greinum verða útnefnd Bikarmeistarar KAÍ. Þeim tveimur sem koma næst þeim að stigum í flokki karla og flokki kvenna skal veita önnur og þriðju verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok bikarkeppninnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.

3. gr. Lágmarksaldur keppenda á bikarmótum skal vera 16 ár og skal miða við fæðingarár. Mótanefnd hefur heimild til að veita undanþágur frá aldursreglu.

4. gr. Hverju þátttökufélagi er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ.

5. gr. Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.

Samþykkt af stjórn KAÍ í ágúst 2017.

REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.

Almennar reglur.

1. gr. Árlega skal halda Grand Prix mót KAÍ í kumite og kata. Hvert tímabil er almanaksárið. Grand Prix mótinu skal skipta í einn, tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í hverjum hluta mótsins í kata og kumite. Grand Prix mót eru fyrir unglinga 12 til 17 ára og skal miðað við fæðingarár.

2. gr. Á Grand Prix móti í Karate skal keppt í eftirfarandi greinum:

Kata stúlkna 12 ára.

Kata stúlkna 13 ára.

Kata stúlkna 14 og 15 ára.

Kata stúlkna 16 og 17 ára.

Kumite telpna 12 og 13 ára.

Kumite stúlkna 14 og 15 ára.

Kumite stúlkna 16 og 17 ára.

Kata pilta 12 ára.

Kata pilta 13 ára.

Kata pilta 14 og 15 ára.

Kata pilta 16 og 17 ára.

Kumite pilta 12 ára.

Kumite pilta 13 ára.

Kumite pilta 14 ára.

Kumite pilta 15 ára.

Kumite piltar 16 og 17 ára.

3. gr. Skrá og greiða þarf þátttökugjald fyrir hvern keppanda. Keppendur keppa í sama flokki alla mótaröðina og skal miðað við fæðingarár í upphafi mótaröðar. Skráningu skal vera lokið 7 dögum fyrir mót og skal skrá fæðingarár og þyngd. Mótanefndin getur skipt upp stórum flokkum eða breytt flokkum í þyngdarflokka innan t.d. tveggja ára.

4. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir tvö þriðju sæti, 3 stig fyrir að tapa bardaga um þriðja sæti. Ef keppendur eru 3 keppa allir við alla og skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti og 6 stig fyrir þriðja sæti. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti. Veitt eru verðlaun fyrir fyrsta sæti, annað sæti og tvö þriðju sæti á hverju móti. Eftir að öllum Grand Prix mótum tímabilsins er lokið skal þremur stigahæstu keppendunum í hverri grein veitt verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok Grand Prix keppinnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.

5. gr. Mótanefnd KAÍ sér um framkvæmd Grand Prix móta KAÍ. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.

6. gr. Hverju þátttökufélagi er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ.

7. gr. Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.

Samþykkt af stjórn KAÍ í ágúst 2017.

REGLUR UM KARATEDÓMARA.

Almennar reglur.

1. gr. Dómaranefnd KAÍ, skipuð þremur hæfum mönnum af stjórn KAÍ til eins árs í senn ákveður réttindi dómara. Dómaranefnd skal úthluta dómurum réttindi eftir getu og þekkingu þeirra, bæði í kata og kumite, fyrst sem B-meðdómari, þá A-meðdómari, B-dómari og loks A-dómari. Karatedómari nefnist sá sem hefur bæði A-dómararéttindi í kata og kumite. Nefndin skal halda dómaranámskeið a.m.k. einu sinni á ári og gefur dómaraefnum færi á að þreyta próf til réttinda. Prófið skal vera bæði verklegt og skriflegt. Dómarar, sem hljóta réttindi skv. reglum þessum, skulu ganga framur þeim dómurum, sem minni réttindi hafa eða engin. A-meðdómarar hafa rétt til þess að vera aðaldómarar á innanfélagsmótum og meðdómarar á héraðsmótum. B-dómarar hafa rétt til að vera aðaldómarar á

Karatesamband Íslands

héraðsmótum og meðdómarar á Íslandsmeistara-mótum. A-dómarar skulu vera aðaldómarar á Íslandsmeistaramótum. Héraðsmót kallast mót þar sem keppendur koma úr fleiri en einu félagi.

2. gr. Til að öðlast réttindi sem Karatedómari þarf viðkomandi að hafa 1. Dan gráðu eða hærri og að vera orðinn 22 ára.

Dómari í kata og kumite þarf að vera með 1. kyu gráðu eða hærri og orðinn 18 ára.

Meðdómari í kata og kumite þarf að vera með 3. kyu gráðu eða hærri og orðinn 16 ára.

3. gr. Öll dómararéttindi gilda í þrjú ár en halda verður þeim við með því að sækja námskeið og dæma reglulega á mótum á vegum KAÍ. Dómarar þurfa að dæma minnst tvisvar á ári og meðdómara einu sinni á ári til að halda kata og kumite réttindum sínum.

Dómarnefnd má uppfæra réttindi úr B í A án þess viðkomandi farið í nýtt próf ef hann hefur dæmt reglulega og staðið sig á A-stigi.

Til að standast skriflegt próf þarf yfir 90% rétt svör til að ná dómararéttindum og yfir 85% rétt svör til að ná meðdómararéttindum.

Einnig þarf að standast verklegt próf að mati dómaranefndar.”

Samþykkt af stjórn KAÍ 28. september 2019

FERÐAREGLUR KAÍ

Reglur í keppnisferðum Karatesamband Íslands

Keppendur

1. Keppendur í ferð á vegum Karatesamband Íslands (KAÍ) skulu í hvívetna sýna góða hegðun, almenna kurteisi og vera landi og þjóð til sóma.

2. Keppendur skulu ávallt sýna íþróttamannslega framkomu jafnt utan sem innan vallar.

3. Keppendur skulu lúta þeim reglum sem fararstjórar og þjálfarar setja, enda miða þær að því að skapa góða ímynd, ná árangri og efla liðsheid.

4. Keppendur skulu umgangast ferðaföt KAÍ af virðingu.

5. Keppendur bera ábyrgð á persónulegum eigum sínum. Óski keppendur eftir að koma með dýr raftæki er það á þeirra ábyrgð en keppandi skal virða þá takmörkun á notkun á slíkum tækjum sem fararstjóri setur.

6. Keppendur, fararstjórar og þjálfarar skulu kappkosta að hafa heilbrigt lífni í fyrirrúmi á ferðalögum, þar með talið hvað varðar svefn og næringu.

7. Keppendum er bannað að neyta áfengis, tóbaks eða annarra vímuefna í keppnisferðum á vegum KAÍ. Íslensk lög gilda í keppnisferðum um neyslu ávana- og fíkniefna.

8. Keppendur skulu ávallt halda hópinn á meðan á ferð stendur nema með leyfi fararstjóra.

Foreldrar/forráðamenn keppenda geta ekki tekið keppanda út úr hópnum, nema með leyfi fararstjóra.

Karatesamband Íslands

9. Allir eiga að vera komnir í ró kl. 22 á kvöldin. Keppendum ber að ganga vel um gististaði á ferðum, ganga hljóðlega um og gæta þess að raska ekki ró annarra með hávaða og illri umgengni.
10. Einungis foreldrum sem eru fararstjórar er heimilt að gista á gististað keppenda.
11. Ef keppandi hefur einhverjar sérþafir, s.s. hefur ofnæmi, er með svefnvandamál eða þarf að taka lyf skal fararstjóri látinn vita fyrir brottför.
12. Ef keppandi verður uppvís að broti á þessum reglum er heimilt að senda hann heim á kostnað keppandans.

Fararstjórar

1. Fararstjóri ber ábyrgð á sínum hópi og því skal hlýða honum.
2. Fararstjórar skulu almennt vera til fyrirmyndar varðandi hegðun og snyrtimennsku.
3. Fararstjóri ræður tilhögun ferðar.
4. Einungis er ferðast með landslið KAÍ í faratækjum með viðurkenndum öryggisbúnaði og skal fararstjóri sjá um að farið sé að settum reglum og slíkur búnaður notaður.
5. Fararstjórum og þeim sem aka með iðkendur í einkabifreiðum er óheimilt að neyta áfengis sólarhring áður en ferð hefst og þar til henni er lokið.
6. Fararstjórum, dómurum og þjálfurum er óheimilt að neyta tóbaks í ferð þannig að keppendur sjái.

Þjálfarar

1. Þjálfarar annast alla faglega þátt sem tengjast keppendum og keppninni sjálfri. Kynna keppendum skipulag keppni og æfinga og sjá til þess að þeir séu stundvísir. Þeir leita til fararstjóra ef þörf krefur.
2. Þjálfarar skuli ávalt vinna í samráði við fararstjóra, sem hefur lokaorðið ef kemur upp ágreiningur.
3. Þjálfari ber ásamt fararstjóra, ábyrgð á keppendum utan vallar sem innan, á ferðalagi sem dvalarstað. Saman skipuleggja þeir matartíma, frjálstan tíma, ferðalög og annað.
4. Þjálfari yfirfer búninga keppenda með góðum fyrirvara.
5. Þjálfarar skulu í framkomu sinni og athöfnum vera góð fyrirmynd keppendum.

Dómarar

1. Dómarar skulu með framkomu sinni og athöfnum skapa góða ímynd útávið.
2. Dómarar sem sendir eru á mót á vegum KAÍ, aðstoða þjálfara og fararstjóra með hópinn.

Almennt um ferðir á vegum Karatesamband Íslands

1. Leitast skal við að keppendur af sitt hvoru kyni gisti í aðskildu rými og að fararstjóri sem gisti með keppendum sé af sama kyni og þeir.
2. Landsliðsnefnd ákveður fjölda fararstjóra og skal taka mið af tegund ferðar, aldri keppenda, ferðareynslu, áfangastað og öðru sem gæti haft áhrif á fjöldann.
3. Leitast skal við að tilkynna um fyrirhugaða ferð erlendis með 2 mánaða fyrirvara.
4. Landsliðsnefnd annast skipulagningu og framkvæmd við undirbúning ferða KAÍ í samráði við stjórn. Reglur þessar eru settar til að stuðla að bættum liðsanda og svo öllum hlutaðeigandi aðilum sé ljóst hvert hlutverk þeirra og ábyrgð eru og skulu þær kynntar öllum keppendum, foreldrum og fararstjórum áður en haldið er í keppnisferð.

Samþykkt á karateþingi 24. febrúar 2018.

REGLUR UM HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR KAÍ

1. Heiðursmerki.

1. Gullmerki KAÍ
2. Silfurmerki KAÍ
3. Borðfáni KAÍ

Gull- og silfurmerki KAÍ eru barmmerki með einföldu merki Karatesambandsins eins og það er á hverjum tíma í gulli eða silfri.

Borðfáni KAÍ er merki KAÍ á hvítum fleti og stofndagur KAÍ, 28. febrúar 1985, skráð fyrir neðan. Fáninn er tvöfaldur með kögri og snúru. Borðfáninn skal vera á stöng þegar hann er veittur.

2. Viðurkenningar

Gullmerki KAÍ skal einkum veitt einstaklingum sem um lengri tíma hafa unnið afburðagott starf fyrir karatehreyfinguna.

Silfurmerki KAÍ skal veita þeim sem unnið hafa framúrskarandi gott starf að málefnum karatehreyfingarinnar.

Borðfáni KAÍ skal veita félögum, einstaklingum og þeim samstarfsaðilum sem stjórn KAÍ ákveður hverju sinni.

3. Heiðranir

Stjórn KAÍ ákveður á stjórnarfundum, þar sem öll stjórnin er mætt, hverja skuli sæma heiðursmerki á ári hverju og um veitingu heiðursmerkis verður öll stjórnin að vera sammála.

Veiting heiðursmerkja fer fram á stofndegi KAÍ, 28. febrúar, á Karateþingi eða við önnur tilefni er stjórn KAÍ ákveður.

Samþykkt af stjórn KAÍ 10. ágúst 2017

REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.

Almennar reglur.

1. gr. Landsliðsbúninga Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands. Í landsliðsferðum skal landsliðsfólk klæðast landsliðsbúningi.

Karatesamband Íslands

2. gr. Keppnisbúninga með Landsliðsmerki Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.
3. gr. Fatnað með merki Karatesambands Íslands er eingöngu heimilt að nota þegar komið er opinberlega fram fyrir hönd Karatesambandsins, innanlands sem erlendis.

Samþykkt af stjórn KAÍ, 18. mars 2011.

VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ

Mótagjöld

ÍM Barna

Einstakl. – Lið

2.500 kr - 3.500 kr

ÍM Unglinga

2.500 kr - 3.500 kr

ÍM Fullorðinna

4.000 kr - 6.000 kr

GrandPrix mót

2.500 kr fyrir hvern flokk

Bikarmót

3.000 kr fyrir hvern flokk

RIG

3.000 kr fyrir hvern flokk

Sektir *

Vantar réttindadómara / aukadómara á mót

10.000 kr / 5.000 kr

Vantar starfsmann á mót

5.000 kr

Vantar yfirliðstjóra á mót

5.000 kr

Kæra inn keppanda á mót

5.000 kr

* Sektir verða þó aldrei meiri en fimmföld mótagjöld félags

Gjald fyrir kæru á móti:

10.000 kr

Lán á keppnisklukkum, flöggum, osfrv.:

0 kr

Greitt fyrir dómgæslu réttindadómara: Undir 4 klst mót: 5.000 kr; yfir 4 klst mót: 10.000 kr

Þátttökukostnaður keppenda á erlendri grundu

Hlutur keppenda í Landsliðsferðum er 60 þúsund kr í hverri ferð.

Flestir keppendur/félög hafa aðgang að styrkjum frá íþróttabandalögum eða héraðssamböndum vegna ferða á stærri mót.

Samþykkt af stjórn KAÍ í desember 2019

Rekstrar- og efnahagsreikningur KAÍ 1/1 – 31/12 2019

Rekstrarreikningur KAÍ 1/1-31/12 2019				
Tekjur	Skýring	1/1-31/12/19	1/1-31/12/18	breyting %
11000 Ríkisstyrkur	1	2.950.000	2.950.000	0,0%
11000 Útbreiðslustyrkur		2.780.344	2.337.090	19,0%
11300 Lottó		4.167.925	3.504.589	18,9%
11310 Afrekssjóður ÍSÍ		6.074.170	5.305.000	14,5%
12320 Endurgreiðsla v/YOG 2018		434.262		
15000 Tekjur af mótum	2	2.223.523	2.518.596	-11,7%
17000 Auglýsingatekjur		859.461	183.361	368,7%
18000 Styrkur frá ÍTR		2.500.000		
22000 Árgjöld aðildarféлага		2.222.000	2.208.000	0,6%
29000 Aðrar tekjur	3	4.495.000	7.870.000	-42,9%
Tekjur alls		28.706.685	26.876.636	6,8%
Gjöld				
31000 Laun og verktakagreiðslur	4	2.672.403	2.166.744	23,3%
37000 Áhöld og tæki	5	939.616	1.186.421	-20,8%
41000 Ferðakostn. Innanlands	6	887.910	376.162	136,0%
42000 Ferðakostn. erlendis	7	11.610.863	18.757.899	-38,1%
45000 Kostnaður við mótahald	8	8.716.864	3.636.232	139,7%
48000 Skrifstofuleiga hjá ÍSÍ	9	236.850	222.540	6,4%
53000 Rekstur skrifstofu	9	1.443.463	1.424.073	1,4%
56000 Kynning, fræðsla og útbreiðsla	10	364.052	331.597	
57000 Dómarmál	10	1.204.187	1.355.113	-11,1%
58000 Heilbrigðisteymi		195.000		
65000 Önnur gjöld	11	10.270	8.186	25,5%
70000 Erlend samskipti	12	543.752	305.065	78,2%
Rekstrargjöld alls		28.825.230	29.770.032	-3,2%
Hagnaður/Tap f. afskriftir		-118.545	-2.893.396	-95,9%
Fjármagnstekjur		12.014	14.254	-15,7%
Afskriftir alls				
Hagnaður/Tap		-106.531	-2.879.142	-96,3%

Reikning þennan hef ég samið eftir hjálögðum gögnum ársins 2019
Reykjavík, 1. febrúar 2020

María Jensen, gjaldkeri KAÍ

Skýringar við rekstrarreikning	
1 Framlög og styrkir	
Ríkisstyrkur	2.950.000
Útbreiðslustyrkur	2.780.344
Lottó	4.167.925
Aftekssjóður	6.074.170
Endurgreiðsla YOG 2018	434.262
	16.406.701
2 Tekjur af mótum	
RIG	261.523
ÍM-Bama	408.500
UM-Kata	247.500
ÍM-Kata	94.000
Grand Prix 1	310.000
Grand Prix 2	275.000
Grand Prix 3	217.500
UM-Kumite	107.500
ÍM-Kumite	92.000
Bikarmót 1	75.000
Bikarmót 2	72.000

Karatesamband Íslands

Bikarmót 3	63.000
	<u>2.223.523</u>
3 <i>Áðrar tekjur</i>	
Hluttur keppenda í landsliðsferðum	4.495.000
	<u>4.495.000</u>
4 <i>Laun og verktakagreiðslur</i>	
Landsliðsþjálfarar	2.059.000
Erlendir þjálfarar	163.403
Formenn nefnda	450.000
	<u>2.672.403</u>
5 <i>Áhöld og tæki</i>	
Landsliðsbúningar	833.016
Kort í lyftingar	106.600
	<u>939.616</u>
6 <i>Ferðakostnaður innanlands</i>	
Akstur RIG + SSEKF	120.777
Gisting RIG + SSEKF	577.670
Flug RIG + SSEKF	189.463
	<u>887.910</u>
7 <i>Ferðir erlendis</i>	
Akstur	608.536
Flug	6.623.285
Gisting	2.294.339
Upphald	742.031
Þátttökugjöld	1.300.249
Annað	42.423
	<u>11.610.863</u>
7 <i>Erlend mót s</i>	
Rhein Shiai	537.352
EM junior Álaborg	671.473
Ishøj Open	880.616
Karate 1 Seria A Salzburg	446.256
Amsterdam Open	683.171
Kata Pokalen	1.683.600
EM Senior	515.848
Gautaborg og Gladsaxe Open	793.014
Helsinki open	1.469.923
Bansai Cup Berlin	979.176
SSEKF Reykjavík	369.411
Central England Open	242.291
NM Kolding Danmörk	1.575.919
Önnur verkefni	762.813
	<u>11.610.863</u>
8 <i>Kostnaður við mótahald</i>	
Verðlaunapeningar	1.618.480
Dómgæsla	1.192.815
Vellir	2.500.000
Akstur	360.400
Matur	265.178
Sjúkrakostnaður	170.784
Sportdata	232.369
Annað	2.376.839
	<u>8.716.865</u>
9 <i>Rekstur skrifstof</i>	
Skrifstofuleiga ÍSÍ	236.850
Vettingar	242.230
Fundir erlendis	617.688
Tölvukostnaður	407.014
Annað	176.531
	<u>1.680.313</u>
10 <i>Kynning, fræðsla, útbreiðsla</i>	
Dómaranámskeið	140.000

Karatesamband Íslands

Flug	226.048
Gisting	315.795
Upphald	260.000
Heilbrigðisteymi	195.000
Endurmenntun þjálfara	364.052
Annað	262.344
	1.763.239
11 Önnur gjöld	
Bankakostnaður	10.270
	10.270
12 Erlend samskipti	
WKF	183.750
EKF	123.570
NKF	208.650
SSEKF	27.782
	543.752

Efnahagsreikningur 31/12/2019

EIGNIR	31.12.2019
87000 Inneign hjá ÍSÍ	1.471.329
87200 Skammtímaskuldir	-2.016.777
87209 Afrekssjóður ÍSÍ	500.000
Skammtímakröfur alls	-45.448
88000 Handbært fé	
88210 Tékkareikningur 0515-26-5103	363.497
88220 Sparireikningur 0515-14-104863	87.094
88230 Mastercard	94.880
Handbært fé alls	545.471
89999 Eignir alls	500.023
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	
91000 Eigið fé 31/12/18	606.554
Skammtímakröfur	
Hagnaður/tap	-106.531
Eigið fé 31/12/19	500.023
92003 Viðskiptaskuldir	
99999 Skuldir og eigið fé alls	500.023

Við kjörir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning Karatesambands Íslands (KAÍ) og ekkert fundið athugasemdir og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 1. febrúar 2019

Haukur Jónsson

Þorsteinn Yngvi Guðmundsson

